



Ungmennafélagið Afturelding

Ársreikningur 2017

AÐALFUNDUR AFTURELDINGAR 20. MARS 2018

Haldinn í Krikaskóla, Mosfellsbæ kl. 18.00



Efnisyfirlit

Dagskrá aðalfundar 2018	3
Minningarsjóður Guðfinnu Júlíusdóttur og Ágústu Jónsdóttur.....	4
Skýrsla formanns aðalstjórnar fyrir árið 2017	5
Áritun skoðunarmanna reikninga.....	9
Fjárhagsáætlun aðalstjórnar Aftureldingar 2018	10
Reikningar aðalstjórnar Aftureldingar	11
Starfsskýrsla badmintondeildar Aftureldingar 2017	13
Starfsskýrsla blakdeildar Aftureldingar 2017	17
Starfsskýrsla fimleikadeildar Aftureldingar 2017	29
Starfsskýrsla frjálfsíþróttadeildar Aftureldingar 2017	35
Starfsskýrsla handknattleiksdeildar Aftureldingar 2017	39
Starfsskýrsla karatedeildar Aftureldingar 2017	51
Starfsskýrsla knattspyrnudeildar Aftureldingar 2017.....	59
Starfsskýrsla körfuknattleiksdeildar Aftureldingar 2017	71
Starfsskýrsla sunddeildar Aftureldingar 2017	75
Starfsskýrsla taekwondodeildar Aftureldingar 2017	81
Íþróttamaður og íþróttakona Aftureldingar 2017	85
Heiðursviðurkenningar Aftureldingar	87



Aðalfundur ungmennafélagsins Aftureldingar

Krikaskóli, Mosfellsbær þriðjudaginn 20. mars 2018 kl. 18.00.

Dagskrá aðalfundar 2018

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Ársskýrsla formanns
4. Ársreikningur 2016
5. Fjárhagsáætlun aðalstjórnar 2017
6. Lagabreytingar
7. Heiðursviðurkenningar
8. Kosningar:
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna og eins varamanns
 - c. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga aðalstjórnar
 - d. Kosning eins skoðunarmanns reikninga deilda
9. Önnur mál og ávarp gesta
10. Fundarslit

Skýrslan

Skýrsla þessi er lögð fram á aðalfundi Aftureldingar í Krikaskóla, Mosfellsbæ þriðjudaginn 20. mars 2018. Hún var unnin á skrifstofu Aftureldingar af Jóni Júlíusi Karlssyni framkvæmdastjóra félagsins og Hönnu Björk Halldórsdóttur íþróttafulltrúa. Efni og orðalag í starfsskýrslum deilda er á ábyrgð viðkomandi stjórnar.

Efni er þannig að mestu komið frá forsvarsmönnum deilda í formi starfsskýrslna og ársreikningar eru teknir úr bókhaldskerfi félagsins.

Prentun: ArtPro Mosfellsbæ.

Ljósmyndir: Raggi Óla, Mosfellingur og myndir frá deildum Aftureldingar.



Minningarsjóður Guðfinnu Júlíusdóttur og Ágústu Jónsdóttur

Minningarsjóður Guðfinnu Júlíusdóttur og Ágústu Jónsdóttur

REKSTRARREIKNINGUR

	2017
Tekjur	0
Tekjur alls:	<u>0</u>
Gjöld	
Veittir styrkir	70.000
Þjónustugjöld banka.....	100
Gjöld alls:	<u>70.100</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða.....	<u>(70.100)</u>
 FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD	
Vaxtatekjur.....	459.006
Fjármagnstekjuskattur.....	(91.801)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls:	<u>367.205</u>
 Hagnaður (tap) tímabilsins.....	<u>297.105</u>

Skýrsla formanns aðalstjórnar fyrir árið 2017

Aðalfundur Ungmennafélagsins Aftureldingar var haldinn 30. mars 2017 í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Dagný Kristinsdóttir var endurkjörin formaður félagsins. Aðrir í framboði voru: Anna Fríða Magnúsdóttir, Birna Kristín Jónsdóttir, Geirarður Long, Kjartan Reinholdsson, Krístrún Kristjánsdóttir og Sigurður Rúnar Magnússon. Sjálfkjörið var í aðalstjórn á fundinum.

Á sínum fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum og var hún eftirfarandi: Kjartan Reinholdsson varaformaður, Birna Kristín Jónsdóttir gjaldkeri og Krístrún Kristjánsdóttir ritari. Einnig var ákveðið að Birna Kristín og Sigurður Rúnar myndu skipta með sér eftirliti með fjármálum, Birna sæi um fjármál aðalstjórnar en Sigurður Rúnar um fjármál deilda. Skoðunarmaður deilda var kosinn Valdimar Leó Friðriksson og skoðunarmaður reikninga aðalstjórnar var kjörin Helga Jóhannesdóttir.



Aðalstjórn hélt 12 formlega fundi á starfsárinu. Hún hefur haldið tvo formannafundi og hitt stjórnir allra deilda félagsins á sérstökum deildafundum.

Breytingar á skrifstofu

Síðastliðið ár var ár talsverðra breytinga á skrifstofunni. Vilborg Jónsdóttir var sem fyrr bókari félagsins og hóf sitt tíunda starfsár. Jón Júlíus Karlsson hóf störf sem framkvæmdastjóri 2. janúar. Hans starfssvið var að stýra skrifstofunni og sjá um íþróttamál félagsins. Þegar Ester Sveinbjarnardóttir sagði upp störfum í febrúar var ákveðið að endurskoða verklag og verkaskiptingu á skrifstofunni. Framkvæmdastjóri lagði þá tillögu fyrir aðalstjórn að auglýst yrði eftir íþróttafulltrúa félagsins sem sæi um íþróttamálin og hann tæki yfir umsjón með fjármálum félagsins. Sú tillaga var samþykkt samhljóða. Hanna Björk Halldórsdóttir var ráðin í starfið og hóf störf í maí. Staða íþróttafulltrúa tel ég gæfuspör fyrir félagið. Íþróttamál eru jú okkar mál og því skiptir afar miklu máli að fólkið í félaginu hafi góðan aðgang að aðstoð inni á skrifstofu til að styðja sig við.

Það hafa verið óvanalega mörg umfangsmikil mál í deigluinni á starfsári stjórnarinnar. Undirbúningur knattþúss tók talsverðan tíma sem má segja að hafi lokið með opnum fundi í Lágafellsskóla í upphafi desember. Starfsdagur félagsins og stefnumótun tóku einnig drjúgan tíma. Að því loknu tók við umræða um búningamál og nýjan samning við Mosfellsbæ svo einhver atriði séu nefnd.

Það starfsár sem nú er að líða hefur verið af öðru meiði en undanfarin tvö ár. Við höfum meira velt fyrir okkur hvernig við viljum gera hlutina og hvernig við sjáum þá fyrir okkur þegar til framtíðar er litið. Stefnumótun félagsins bar þess merki, en unnið var út frá orðunum, *Flottasta íþróttafélag landsins* og stýrði Anna Steinsen þeirri vinnu. Út úr þeirri vinnu komu margar góðar hugmyndir sem verið er að vinna úr. Einhverjum kann að finnast þetta markmið háfleygt og langsótt, en ég er sannfærð um að við náum þessu, því okkar kostir og það sem við höfum fram að færa er meira en við teljum oft sjálf. Við erum tiltölulega fámennt íþróttafélag á höfuðborgarsvæðinu og getum nýtt

okkur öll þau tækifæri sem suðvesturhornið hefur upp á að bjóða. Stærð okkar gerir okkur kleift að halda betur utan um okkar starf og efla gæði þess.

Eitt besta verk fráfaramandi stjórnar, að mínu mati, er starfsdagurinn sem var haldinn í september. Í nafni endurmenntunar og samvinnu lögðum við niður æfingar einn seinnipart og hittumst í sal Lágafellsskóla þar sem við hlýddum á frábæra og metnaðarfulla fyrirlestra, ásamt því að borða góðan mat. Mjög góð mæting var þennan dag, en um 100 manns mættu, bæði þjálfarar og stjórnarfolk. Starfsdagurinn er kominn til að vera og verður gert ráð fyrir honum í skipulagningu haustverka. Í kjölfarið var gerð könnun meðal þjálfara þar sem þeir voru spurðir hvers konar námskeið þeir vildu sjá. Nú þegar hefur verið boðið upp á skyndihjálparnámskeið og eru önnur námskeið í vinnslu. 1. mars síðastliðinn var fræðslu- og kynningafundur um næringu barna í íþróttum, en Afturelding á þátt í þeirri rannsókn. Markmið þessarar rannsóknar verður að kanna áhrif heilsueflandi íhlutandi aðgerða. Slíkar upplýsingar eru mjög þýðingamiklar í ljósi þess að mataræði barna leikur lykilhlutverk þegar kemur að líðan þeirra og heilsuvenjum. Í þeirri könnun sem gerð var meðal þjálfara var mataræði oft nefnt. Í haust verða komin drög að endurmenntunaráætlun félagsins með það að leiðarljósi að innan okkar raða starfi velmenntaðir og færir þjálfarar.



Þjálfara Aftureldingar fjölmenntu á starfsdag sem haldinn var síðastliðið haust.

Uppskeruhátíð Aftureldingar

Íþróttamaður og kona félagsins voru kosin við hátíðlega athöfn í Hlégarði 3. janúar 2018 að viðstöddum fjölda gesta. Að þessu sinni hlutu sæmdarheitið Thelma Dögg Grétarsdóttir og Guðmundur Ágúst Thoroddsen.

Sæmdarheitið íþróttamaður og kona Mosfellsbæjar hlutu einnig okkar fólk, Thelma Dögg og Guðmundur Ágúst sem er mikill heiður fyrir þau og ekki síður fyrir það sem starf sem innt er af hendi innan félagsins.



Tvær íþróttakonur innan félagsins hlutu svo sæmdarheitið íþróttakona sinna sérsambanda. Thelma Dögg Grétarsdóttir er blakkona ársins og María Guðrún Sveinbjörnsdóttir Taekwondo kona ársins. Báðar hafa þær hlotið sína þjálfun hjá félaginu, fyrir þær er þetta afar mikill heiður og ekki síður viðurkenning á því starfi sem fer fram hjá okkur.

Verkefni deilda

Eitt stærsta verk sem innt var af hendi innan félagsins á síðastliðnu ári var Mosöld, öldungamót Blaksambands Íslands en það var haldið dagana 27. - 30. apríl. Um 2000 manns sóttu mótið heim og voru spilaðir um 500 blakleikir. Óhætt er að segja að mótið hafi sett svip sinn á bæinn og á blakdeildin hrós skilið fyrir framkvæmdina og skipulagið.

Gróskan í starfi deildanna hélt áfram á síðastliðnu ári. Meistaraflokkar karla og kvenna í blaki og meistaraflokkur karla í handbolta tóku þátt í mótum á erlendri grundu. Blakflokkarnir í Nevza keppninni eða Norður-Evrópukeppninni og meistaraflokkur karla í handknattleik tók þátt í Evrópukeppni félagsliða. Báðar deildir hafa átt fjölda fulltrúa í landsliðsverkefnum eða úrtakshópum.

Svo má ekki gleyma stelpunum í meistaraflokki kvenna í knattspyrnu en þær urðu Íslandsmeistarar í 2. deild. Það sem er ánægjulegt þar er að hluti liðsins er ungur að árum og uppallinn í félaginu. Þessar stelpur eru því að öðlast mikla og dýrmæta reynslu. Í þessum hóp eru einnig stelpur sem eru flottir fulltrúar okkar í yngri landsliðin í knattspyrnu.

Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með uppbyggingarstarfi innan deildanna á síðastliðnu ári. Körfuboltadeildin okkar hefur verið þar framarlega í flokki, þar sem iðkendur hefur fjölgað og er leikgleði og ánægja þar fremst í flokki. Eftir að hafa gengið í gegnum ákveðna endurskipurlagningu fyrir 2 árum er starfið í góðu jafnvægi og markmið þess skýr.

Fimleikadeildin hefur einnig látið til sín taka og átt iðkendur í úrvalshópum landsliða, sem er góður árangur deildar sem hefur vaxið af alvöru á síðustu árum.

Fyrir utan það sem ég hef talið hér upp komu ótal titlar og viðurkenningar í hús hjá iðkendum félagsins, stórum sem smáum.

Eitt er það mál sem hefur vakið mikla athygli nú í vetur og er það #meetoo byltingin. Afturelding hefur ekki farið varhluta af þeirri umræðu. Við fórum sérstaklega í gegnum starf og reglur siðanefndar félagsins og skiptum um fólk í nefndinni. Þess var gætt við skipan nefndarmanna að meirihluti þeirra væri hlutlaus og ótengdur félaginu. Fyrir hönd félagsins situr formaður þar en aðrir í nefndinni eru Úlfhildur Ösp Indriðadóttir og Auðunn Georg Eiríksson. Þau eru bæði menntaðir mannauðsstjórar og er Úlfhildur að auki mikil íþróttamanneskja. Þau tóku það að sér að fara í gegnum okkar ferla og tilkynningarleiðir. Það sem var ánægjulegt að sjá var það að þeir ferlar sem nefndin hafði sett sér árið 2012 standa enn fyllilega undir sínu. Nokkrar breytingar þarf þó að gera á ferlinu, eins og að tilkynningahnappur sé skýr á heimasíðu. Við erum því komin með faglega og góða ferla í siðanefnd og eineltismálum, með samstarfi okkar við Erindi.

Lokaorð

Fyrir hönd aðalstjórnar vil ég færa fráfarandi stjórnarfólki í aðalstjórn og deildum þakkar fyrir alla þá vinnu sem þau hafa lagt af mörkum fyrir félagið. Eins bjóðum við nýtt fólk velkomið til starfa og hlökkum til samstarfsins.



Aðalstjórn Aftureldingar 2017-2018: F.v. aftari röð: Anna Fríða Magnúsdóttir, Kjartan Þór Reinholdsson, Birna Kristín Jónsdóttir, Geirarð Long. F.v. fremri röð: Sigurður Rúnar Magnússon, Krístrún Kristjánsdóttir, Dagný Kristinsdóttir.

Dagný Kristinsdóttir
formaður Aftureldingar



Áritun skoðunarmanna reikninga

Áritun skoðunarmanna reikninga Aftureldingar.

Við undirrituð höfum yfirfarið ársreikning aðalstjórnar Aftureldingar fyrir árið 2017. Það er skoðun okkar að bókhald og fjárreiður séu í góðu lagi.

Gerð er athugasemd við lánveitingar aðalstjórnar til deilda. Mikilvægt er að skuldajöfnun fari reglulega fram til að halda deildum upplýstum og minnka líkur á að deildir eyði um efni fram.

Mosfellsbæ, 16.mars 2018


Valdimar Leó Friðriksson
(sign.)


Helga Jóhannesdóttir
(sign.)



Fjárhagsáætlun aðalstjórnar Aftureldingar 2018

Tekjur

Lottó	6.900.000
Húsaleigustyrkir	191.277.081
Afreksstyrkir meistaraflokka	20.500.000
Rekstrarstyrkir	49.500.000
Styrkir vegna afrekssjóðs	2.100.000
Styrkir frá fyrirtækjum og einstakl.	1.500.000
Verkefnastykir aðalstjórnar	500.000
Samtals tekjur	272.277.081

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	26.790.000
Verktakagreiðslur	3.300.000
Rekstrarstyrkir	20.500.000
Styrkir vegna afrekssjóðs	2.100.000
Afreksstyrkir meistaraflokka	20.500.000
Ýmsir styrkir	1.500.000
Húsaleiga	191.277.081
Sími og internet	1.000.000
Ritföng	70.000
Hugbúnaður	1.700.000
Póstkostnaður	10.000
Prentun	225.000
Posaleiga	110.000
Ræsting	315.000
Gjafir	65.000
Þjónustugjöld	150.000
Skattur UMSK	205.000
Fundarkostnaður	275.000
Annar skrifstofukostnaður	80.000
Fræðslu og kynningarefni	275.000
Kostnaður vegna félagsstarfs	700.000
Lögfræði/Innheimtukostnaður	300.000
Tryggingar	45.000
Auglýsingar	100.000
Samtals gjöld	271.592.081
Hagnaður	685.000




Reikningar aðalstjórnar Aftureldingar

Aðalstjórn

Rekstrarreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir	1	259.352.565	251.776.805
Húsa- og vallarleigutekjur	4	0	367.000
Aðrar tekjur	5	389.182	551.736
Rekstrartekjur alls		<u>259.741.747</u>	<u>252.695.541</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	28.334.896	24.617.161
Styrkir til deilda	7	37.339.742	39.303.425
Þátttaka í mótum	10	41.780	9.200
Kostnaður v/mótahalds	11	60.000	80.780
Rekstur mannvirkja	12	187.526.550	183.616.037
Rekstur skrifstofu	13	3.282.759	3.209.654
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	548.638	300.440
Önnur gjöld	16	1.695.240	725.691
Rekstrargjöld alls		<u>258.829.605</u>	<u>251.862.388</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>912.142</u>	<u>833.153</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		240.832	257.510
Vaxtagjöld		(34.087)	(41.238)
Fjármagnstekjuskattur		(48.158)	(50.745)
		<u>158.587</u>	<u>165.527</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>1.070.729</u>	<u>998.680</u>





Aðalstjórn

Efnahagsreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	18	420.534	490.672
Áhættufjármunir og langtímakröfur	19	50.000	50.000
Fastafjármunir alls		<u>470.534</u>	<u>540.672</u>
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímaskröfur	21	9.120.285	9.707.585
Handbært fé	22	11.587.379	9.953.906
Veltufjármunir alls		<u>20.707.664</u>	<u>19.661.491</u>
Eignir samtals		<u>21.178.198</u>	<u>20.202.163</u>

Aðalstjórn

pr. 31. desember

	Skýr.	2017	2016
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		11.225.171	10.226.491
Tekjuafgangur ársins		1.070.729	998.680
Eigið fé alls		<u>12.295.900</u>	<u>11.225.171</u>
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Biðreikningur v. posa		890.995	38.161
Víðskiptaskuldir		343.821	125.325
Óskipta - ógreiddir styrkir		3.579.000	5.472.500
Ógr. lífeyrissjóður		856.751	1.014.561
Ógreidd félagsgjöld		605.241	58.902
Ógr. staðgreiðsla		2.606.490	2.206.266
Skattar		0	61.277
Skammtímaskuldir alls		<u>8.882.298</u>	<u>8.976.992</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>21.178.198</u>	<u>20.202.163</u>

Starfsskýrsla badmintondeildar Aftureldingar 2017

Stjórn og starfsmenn árið 2017

Brynja Georgsdóttir formaður, Haukur Örn Harðarson gjaldkeri, Jóna Björg Ólafsdóttir ritari vorönn. Meðstjórnandi Egill Þór Magnússon.

Þjálfarar deildarinnar á bæði vor- og haustönn 2017; Árni Magnússon og Einar Óskarsson, Anna Margrét Guðmundsdóttir vorönn og Sunna Runólfsdóttir haustönn.

Æfingar og iðkendur: Á vorönn 2017 voru 46 krakkar skráðir iðkendur, 6 í 6-8 ára hópnum, 21 í 9-11 ára, 12 í unglingahóp og 7 aðilar í keppnishóp

Á haustönn þá voru 35 krakkar skráðir, 5 í 6-8 ára hópnum, 14 í 9-11 ára, 11 í unglingahóp og 5 í keppnishóp.

Æfingar hafa verið þrisvar sinnum í viku hjá öllum hópum deildarinnar.

Æft hefur verið skv. Teknika æfingakerfinu sem tekið var upp haustið 2016 og hefur mælst vel fyrir.

Starfsemin: Iðkendur hafa tekið þátt í mörgum af þeim mótum sem aðildarfélög BSÍ hafa haldið.



Einkum eru það B mótin sem hafa verið sótt og eins og staðan er núna henta þau iðkendum Aftureldingar betur.

Keppnishópurinn samanstendur af trimmurum (fullorðnum iðkendum) og hafa sótt flest þau fullorðinsmót sem í boði hafa verið og gengið vel.

Vorönnin hófst í fyrstu viku janúar. Hápunktur vorannar er yfirleitt Íslandsmótið sem haldið er í byrjun mars, að þessu sinni fóru krakkar á vegum Aftureldingar ekki á mótið. Önninni lauk síðan

með foreldraæfingu og pizzuveislu fyrir yngri hópinn. Unglingahópurinn lauk önninni á að fara í keilu og pizzu á eftir.

Haustönnin hófst í byrjun september. Um miðjan október var farið í eins dags æfingaferð til Hveragerðis og mældist það vel fyrir, 14 krakkar fóru í þessa ferð.



Vinavika var haldin í október og tókst hún mjög vel. Vikan endaði síðan á keiluferð og mættu 27 krakkar. Nokkuð var um nýskráningar eftir þessa viku sem var jú tilgangurinn, að reyna fá fleiri iðkendur í hópinn.

Í haust var haldinn foreldrafundur, þar sem stjórn og þjálfarar kynntu fyrirhugaða dagskrá vetrarins. Því miður mættu ansi fáir forráðamenn, hvað veldur vitum við ekki. Í lok

nóvember var síðan okkar árlega Unglingamót sem er hluti af mótarið Badmintonsambands Íslands, sú nýbreytni var að halda einliðaleiksmót. Það tókst með ágætum og var vel sótt, um 100 krakkar mættu til leiks. Keppt var bæði í A og B flokki sem einnig er nýbreytni.

Haustönninni lauk síðan með jólaæfingu. Sú hefð hefur skapast að krakkarnir bjóða foreldrum og systkinum að koma og spila með, í lokin er síðan pizzuveisla áður en haldið er í jólafrí.

Fjáraflanir: Deildin hefur tekið þátt í ruslatýnslu á vegum bæjarins og er það ágætis peningur sem hefur komið út úr þessu. Þátttakendur hafa síðan fengið hluta af þessum pening til niðurgreiðslu á æfingargjöldum.





Badminton

Rekstrarreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir	1	622.423	796.499
Tekjur af mótum	2	205.800	326.300
Aðrar tekjur	5	2.182.942	2.049.104
Rekstrartekjur alls		3.011.165	3.171.903
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	2.273.204	2.421.803
Áhöld og tæki	9	327.244	543.196
Þátttaka í mótum	10	12.792	37.952
Kostnaður v/mótahalds	11	17.110	19.140
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	149.000	31.392
Önnur gjöld	16	157.942	72.464
Rekstrargjöld alls		2.937.292	3.125.947
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		73.873	45.956
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		26.870	22.682
Vaxtagjöld	(	628)	(1.548)
Fjármagnstekjuskattur	(	5.358)	(4.531)
		20.884	16.603
Hagnaður (tap) tímabilsins		94.757	62.559

Badminton

Efnahagsreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	21	149.900	185.547
Handbært fé	22	515.001	385.763
Veltufjármunir alls		664.901	571.310
Eignir samtals		664.901	571.310



Badminton

pr. 31. desember

	Skýr.	2017	2016
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		501.261	438.702
Tekjuafgangur ársins		94.757	62.559
Eigið fé alls		<u>596.018</u>	<u>501.261</u>
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Viðskiptastaða við Aðalstjórn		68.883	56.109
Viðskiptaskuldir		0	13.940
Skammtímaskuldir alls		<u>68.883</u>	<u>70.049</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>664.901</u>	<u>571.310</u>

Starfsskýrsla blakdeildar Aftureldingar 2017

Skýrsla formanns á aðalfundi Blakdeildar Aftureldingar 2018

Stjórn blakdeildar Aftureldingar

Formaður blakdeildar er Guðrún K Einarsdóttir

Formenn og gjaldkerar annarra ráða blakdeildar eru:

Meistaraflokksráði kvenna; Grétar Eggertsson, og Hafdís Björnsdóttir.

Meistaraflokksráði karla: undirrituð ásamt Kristínu Ingvarsdóttir.

1-5 deildar ráð kvk; Guðrún Sveinsdóttir og Íris Bjarnadóttir sem létu af störfum um áramót og við tóku Kristín Inga Guðmundóttir og Margrét Ragnarsdóttir

Barna – og unglingaráð: Jórunn Hafsteinsdóttir og Einar Friðgeir Björnsson

Stjórnin hefur staðið að sameiginlegum fjáröflunum vegna sameiginlegra verkefna og skuldbindinga. Æfingabúðir bæði fyrir börn og fullorðna hafa þá verið haldin sem og skemmtimót og Íslandsmót. Einnig hefur happdrættið verið á sínum stað. Ný fjáröflun er hafin, sala á auglýsingaskiltum í sal 3 og vonumst við til þess að fá inn fastan tekjupóst þaðan. Vandamálið þar er hins vegar að fá einhverja til að selja skiltin.

Flestir eru sammála því að afreksstarf sé nauðsynlegt innan íþróttafélaga og að það hvetji yngri iðkendur til dáða. Fyrir þá sem stefna hærra er þetta starf nauðsynlegt. Hér í nálægðinni við höfuðborgarsvæðið er enn mikilvægara að geta verið með gott starf í afreksíþróttum í heimabyggð, því það er stutt í öll félögin í Reykjavík og nágrenni. Auk þess er það skylda blakdeildar að bjóða upp á almenningssíþróttir og börnum og unglingum að æfa íþróttina þó þau vilji ekki endilega verða afreksmenn.

Árið 2017 var enn eitt sögulega árið í deildinni okkar og ber þar hæst risavaxið Öldungmót BLÍ; Mosöld 2017 ásamt tvöföldum bikarmeistaratitlum.

Yfirþjálfari var ráðin Eduardo Berenguer haustið 2016 og kom Piotr Kempisty til félagsins og tók að sér þjálfun yngri flokka ásamt Eduardo auk þess að spila með karlaliði félagsins.



Uppskera tímabilsins 2016-2017 var góð í heildina fyrir blakdeildina eins og sást best á uppskeruhátíð Mosfellsbæjar í janúar s.l þegar allir blakararnir okkar mættu á svið til að taka við viðurkenningum fyrir titla og þátttöku í landsliðsverkefnum á árinu 2017.

Þann 17. júní 2017 var vígður nýr strandblaksvöllur í Mosfellsbæ sem deildin er með umsjón yfir. Glæsileg

aðstaða er þar þó að aðeins einn völlur sé á svæðinu. Vonandi fer þeim fjölgandi og von er til að okkar fólk, sem og bæjarbúar almennt nýtti sér völinn. Eftir opnun vallarins var Edu með frítt námskeið fyrir krakka sem BUR stóð fyrir og mættu fullt af krökkum í kennsluna.

Blakkonan okkar Thelma Dögg Grétarsdóttir var valin íþróttakona Aftureldingar árið 2017 og er það í annað árið í röð sem hún hlýtur þennan titil. Hún hlaut einnig titilinn Blakkona ársins hjá Blaksambandi Íslands og var síðan valin íþróttakona Mosfellsbæjar í janúar. Þetta er frábær árangur og blakdeildin er ákaflega stolt af Thelmu, en eins og allir vita nú orðið þá er Thelma Dögg fyrsti atvinnumaður Aftureldingar og Mosfellsbæjar í blaki.



Blakdeildin átti marga fulltrúa í landsliðum Íslands á liðnu ári, bæði í unglinga- sem og A landsliðum sem sýnir það mikla og góða starf sem er unnið innan deildarinnar. Unglingastarf á vegum Blaksambands Íslands hefur aldrei verið eins og á síðasta ári. Árið 2017 sendi BLÍ U16 stúlkur, U17 drengi, U18 stúlkur og U19 drengi í fyrsta skiptið í Evrópukeppni og átti Blakdeild Aftureldingar fulltrúa í öllum þessum liðum. Auk þess voru fulltrúar frá Aftureldingu í A-landsliðum bæði karla og kvenna en A-landslið kvenna varð Evrópumeistari smáþjóða.

Trimmhópur kvenna - Afturelding Töff, sem hefur æft tvisvar í viku undanfarin 3 ár telur um 14-16 konur. Þær voru með tvö lið á Mosöld 2017 og tóku þátt í fyrsta skipti í Íslandsmóti BLÍ í vetur. Í haust bættist einnig við blakflórana trimmhópur karla þegar hópurinn *Steve Öxl* hóf æfingar en þeir æfa einu sinni í viku svo þá erum við komin með tvo karlahópa innan deildarinnar á trimmstiginu. Þetta er frábær viðbót við okkar flóru en nauðsynlegt er að geta boðið nýjum iðkendum að bætast í hópinn hvort sem er í barna-og unglingastarfinu sem og í almennings íþróttastarfi deildarinnar til að viðhalda íþróttinni og uppfylla skilyrði Mosfellsbæjar um *Heilsueflandi samfélag*.

Blakdeild Aftureldingar var með tvö karlalið, og fimm kvennalið í Íslandsmóti BLÍ á leiktíðinni 2016-2017 og eitt karlalið og tvö kvennalið í Bikarkeppni BLÍ.

Í haust sendi blakdeildin tvö karlalið og sex kvennalið á Íslandsmót Blaksambands Íslands. Eitt drengjalið og eitt stúlknalið taka þátt í Íslandsmótum fullorðinna og spila drengirnir í 2. og 3. flokki í 1.deild kk. Þeir enduðu í 4. sæti deildarinnar eftir leiktíðina 2016-2017. Strákarnir úr trimmhópi karla aðstoðuðu þá mikið í leikjunum og er það afar þakkarvert og gerði mikið fyrir stákana. Stúlkurnar spiluðu í 4. deild og unnu sér sæti í 3. deild.

Í haust var sami háttur hafður á og þegar tvær umferðar eru eftir þurfa drengirnir okkar aðeins eitt stig til að tryggja sér deildarmeistaratitilinn í 1. deild karla.

Auk þess að unglingarnir okkar spili í Íslandsmóti fullorðinna þá var í fyrsta sinn frá haustinu spilað í 2. fl. pílta og stúlkna og eru það leikir heima og að heiman svo það er nóg að gera hjá þeim þennan veturinn og mikið um ferðalög.

Enn á ný urðu breytingar haustið 2016 hjá blakdeildinni. Eduardo Berenguer var ráðinn yfirþjálfari allra hópa og aðstoðarþjálfarar með honum. Markmiðin voru skýr, efla blakdeildina enn frekar og fjölga yngri iðkendum. Tekist hefur að fjölga iðkendum í yngsta aldurshópnum og er það frábært og er vonandi komið til að vera. Nokkrir hafa bæst við hjá eldri krökkunum en margir hætt eða tekið sér frí í kvennahópnum.



Undanfarin þrjú ár hefur Blakdeildin staðið fyrir skólamóti í blaki fyrir 6. bekkinga og er keppt um bikar milli Lágafells-og Varmáskóla. Þetta er mjög skemmtilegt og eru nemendur og kennarar krakkarnir ánægðir.

Mikilvægt er að Blakdeildin eigi fulltrúa í ráðum og nefndum innan Ungmennafélags Aftureldingar þegar farið er fram á það frá Aðalstjórn. Það eru alltaf málefni sem snerta okkar deild meira en aðrar og við þurfum því að vera tilbúin til að taka þátt í starfinu sem snýr að félaginu okkar í heild til að geta viðhaldið því sem við höfum og passað upp á hagsmuni deildarinnar, þetta á við alla hópa innan deildarinnar. Enginn hópur er þar undanskilinn og þeir sem æfa hjá deildinni þurfa að gera sér grein fyrir því að til þess að þetta geti gengið upp þá þurfa allir að vera tilbúnir til að leggja sitt á vogaskálarnar fyrir hönd Blakdeildarinnar. Má líta á það sem einskonar samfélagsþjónustu við deildina að lið og hópar aðstoði við þá viðburði sem í gangi eru, hvort sem um ræði mót, leiki eða aðra viðburði.

Samvinna hópa innan deildarinnar hefur verið mikil og góð og vonandi á það bar eftir að eflast. Í hvaða deild sem er spilað þarf umsjónaraðila allt frá þremur, fjórum og upp í átta manns á hvern leik í úrvalsdeildunum. Þar þurfa allir hópar innan deildarinnar okkar að leggja sitt af mörkum. Reynt var að raða hópum niður á leiki vetursins og gekk oftast vel að manna leikina en ljóst er að mikið af sama fólkinu er að vinna mest. Allir hóparnir þurfa á hvor öðrum að halda og því þurfum við að hjálpast að við þá vinnu sem hver hópur þarfnast.

Um leið og við skráum okkur og lið frá okkur í Íslandsmót BLÍ undir merkjum Aftureldingar þá höfum við tekið á okkur ákveðnar skyldur gagnvart deildinni okkar, félaginu okkar og gagnvart Mosfellsbæ. Við höfum afsalað okkur þeim réttindum að vera bara að þessu til að leika okkur, ef svo má segja, og þurfa því allir að geta boðið fram krafta sína og nú er það þannig að allir sem keppa á Íslandsmótum þurfa að kunna að skrifa skýrslur því nú eru allar skýrslur rafrænar. Á ársþingi BLÍ þann 10. mars 2017 var ákveðið að línudómarar skyldu verða settir á leiki í úrvalsdeildum og sáu leikmenn úrvalsdeildanna um það verkefni á leikjum hins kynsins.

Varðandi gólfíð í sal 3, þá er ekkert komið á hreint með það. Málið er hjá aðalstjórn Aftureldingar sem ætlar að sjá um þau mál fyrir okkar hönd. Lítið hefur þokast hvað þetta varðar.

Stofnuð hefur verið YouTube síða Blakdeildar Aftureldingar og hefur leikmaður í 3. fl. pílta, Sigvaldi Örn Óskarsson haft veg og vanda af því að setja inn og búa til viðburðina þegar leikir eru sýndir þar og stjórnað útsendingum. Blakdeildin á síma sem notaður er til sýninga en ljóst er að netsambandið í húsinu er að stríða okkur. Við höfum þó getað sýnt frá Bikarmóti yngri flokka ásamt nokkrum leikjum en gott væri að fá inn hóp sem sér um þetta dæmi og tel ég að unga fólkið okkar sé best til þess fallið.

Foreldrar innan blakdeildarinnar skipta gríðarlega miklu máli því án þeirra væri starfið ógerningur. Margir fullorðnir blakarar eiga börn í deildinni og eru því oft að vinna vinnu bæði sem foreldri og einnig sem iðkandi í eldri hópum og ber það að virða því þetta fólk er að leggja mikið á sig fyrir deildina okkar og fyrir framtíð deildarinnar. Vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir þeirra framlag, og vil ég biðja um EITT GOTT KLAPP fyrir þeim foreldrum sem eru í tvöfaldri vinnu fyrir Blakdeild Aftureldingar.

Að minnsta kosti einn til tveir foreldrar innan hvers aldurshóps þyrftu að vera í stjórn BUR svo hver hópur hafi sinn málssvara og tengilið inn í aldurshópinn.

Blakdeild Aftureldingar leggur sitt af mörkum hvað blakið varðar á landsvísu því við eigum fólk sem starfa í nefndum og ráðum hjá Blaksambandi Íslands. Það er eitt af því sem fylgir þegar deild er orðin stór á landsvísu og það er okkar deild klárlega, þó við séum ekki mjög mörg eða mjög gömul miðað við aðrar blakdeildir í landinu. Okkar deild fæddist árið 1999, fór á sitt fyrsta öldungamót árið 2000 og hélt sitt fyrsta öldungamót 2002. Eftir það fór boltinn að rúlla af alvöru því þá stofnuðum við barna- og unglingastarfið. Á næsta ári, 2019, verður deildin 20 ára og við munum vonandi fagna því sérstaklega þegar að því kemur



Mosöld 2017 fór fram með miklum bravör í apríl 2017 og fékk blakdeildin mikið hrós fyrir flott mót og frábæra veitingaaðstöðu sem við settum upp í bardagsasalnum í nýja húsinu. Settur var upp einn völlur í fimleikasalnum auk þess sem leikið var í Lágafelli, Reykjalundi og á Kjalarnesi. Samtals var því spilað á 13 völlum þegar mest var. Margir komu að máli við mig á meðan á mótinu stóð sem og eftir mótið og hrósuðu okkur fyrir frábært mót, vel skipulagt, glæsilegustu veitingaaðstöðu sem sést hefur og

skemmtilegasta lokahófið. Í stjórn Mosaldar sat öll stjórn Blakdeildar sem öll voru í fosrvari hver fyrir sinni nefnd.

Ég lít björtum augum til framtíðar, því ef öllum flokkum, liðum og ráðum innan deildarinnar auðnast að vinna saman og styðja hvort annað í að ná settum markmiðum þá nær blakdeildin að dafna áfram og eflast. Við erum komin með fasta pósta í sameiginlegri fjáröflun sem ætti að nýtast öllum hópum og efla deildina enn frekar. Í sambandi við það þá vil ég minna á happdrætti Blakdeildarinnar sem er að selja happdrættismiða til 3. maí og hvet ég alla til að kaupa sér miða og styðja þannig við starfið í deildinni okkar og einnig að selja fólki í kringum sig. Margt smátt gerir eitt stórt eins og við vitum.

Lokaorð

Ég vil þakka sérstaklega öllum stjórnarmeðlimum í ráðum deildarinnar fyrir þeirra mikla og óeigingjarna starf á liðnu starfsári og sérstakar þakkir fá þau ykkar sem hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram en með þá von í brjósti að það megi leita til ykkar áfram.

Guðrún K. Einarsdóttir

Formaður.

Uppskera blakdeildar Aftureldingar eftir leiktíðina 2016-2017 er eftirfarandi:

Bikarmeistarar karla Blaksamband Íslands

Bikarmeistarar kvenna Blaksambands Íslands

Bikarmeistarar í 2.fl. pílta

Annað sæti í Mizunodeild kvk.

Annað sæti í 1. deild kvk.

Annað sæti á Íslandsmót 3.fl. stúlkna

Annað sæt á Íslandsmóti í 2.fl. pílta

Annað sæti á Íslandsmóti í 2fl stúlkna

Annað sæti á Íslandsmóti í 3.fl pílta







Blak - úrvalsdeild Mfl.kvk

Rekstrarreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir	1	9.646.981	4.144.305
Tekjur af mótum	2	551.941	1.002.035
Aðrar tekjur	5	2.629.061	2.147.246
Rekstrartekjur alls		<u>12.827.983</u>	<u>7.293.586</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	2.705.321	1.500.252
Félagaskipti og sala leikmanna	8	240.920	216.528
Áhöld og tæki	9	368.366	316.923
Þátttaka í mótum	10	5.239.261	2.756.746
Kostnaður v/mótahalds	11	99.743	208.309
Rekstur skrifstofu	13	39.100	59.314
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	2.077.939	1.888.250
Önnur gjöld	16	662.845	643.722
Rekstrargjöld alls		<u>11.433.495</u>	<u>7.590.044</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>1.394.488</u>	<u>(296.458)</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		44.083	44.644
Vaxtagjöld		(7.191)	(1.210)
Fjármagnstekjuskattur		(7.998)	(8.921)
		<u>28.894</u>	<u>34.513</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>1.423.382</u>	<u>(261.945)</u>



Blak - úrvalsdeild Mfl.kvk

Efnahagsreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	18	63.758	79.698
Fastafjármunir alls		63.758	79.698
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	21	774.572	681.500
Handbært fé	22	1.214.423	816.772
Veltufjármunir alls		1.988.995	1.498.272
Eignir samtals		2.052.753	1.577.970

Blak - úrvalsdeild Mfl.kvk

pr. 31. desember


	Skýr.	2017	2016
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		278.091	540.036
Tekjuafgangur ársins		1.423.382	(261.945)
Eigið fé alls		1.701.473	278.091
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Viðskiptastaða við Aðalstjórn	(	150.296)	879.979
Viðskiptaskuldir		501.575	419.900
Skammtímaskuldir alls		351.279	1.299.879
Skuldir og eigið fé samtals		2.052.752	1.577.970



Blak - úrvalsdeild Mfl.kk

Rekstrarreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir	1	8.669.282	4.581.209
Tekjur af mótum	2	1.686.799	1.426.160
Auglýsingatekjur	3	0	49.500
Húsa- og vallarleigutekjur	4	270.000	0
Aðrar tekjur	5	1.118.213	1.011.850
Rekstrartekjur alls		11.744.294	7.068.719
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	1.414.000	3.060.539
Félagaskipti og sala leikmanna	8	48.000	28.000
Áhöld og tæki	9	413.520	305.681
Þátttaka í mótum	10	5.635.681	2.296.724
Kostnaður v/mótahalds	11	553.651	292.250
Rekstur mannvirkja	12	56.204	22.363
Rekstur skrifstofu	13	69.143	12.623
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	274.801	713.000
Önnur gjöld	16	488.822	66.109
Rekstrargjöld alls		8.953.822	6.797.289
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		2.790.472	271.430
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		35.691	32.185
Vaxtagjöld	(	7.460)	(4.553)
Fjármagnstekjuskattur	(	7.013)	(5.893)
		21.218	21.739
Hagnaður (tap) tímabilsins		2.811.690	293.169





Blak - úrvallsdeild Mfl.kk

Efnahagsreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	18	51.200	64.000
Fastafjármunir alls		51.200	64.000
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	21	323.000	57.058
Handbært fé	22	3.049.368	685.317
Veltufjármunir alls		3.372.368	742.375
Eignir samtals		3.423.568	806.375

Blak - úrvallsdeild Mfl.kk

pr. 31. desember

	Skýr.	2017	2016
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		733.379	440.210
Tekjuafgangur ársins		2.811.690	293.169
Eigið fé alls		3.545.069	733.379
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Viðskiptastaða við Aðalstjórn	(	213.733)	20.508
Viðskiptaskuldir		92.232	0
Ógr. laun		0	52.488
Skammtímaskuldir alls	(	121.501)	72.996
Skuldir og eigið fé samtals		3.423.568	806.375



Blak - barna og unglingaráð

Rekstrarreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir	1	2.642.285	1.500.643
Tekjur af mótum	2	0	1.666.988
Aðrar tekjur	5	2.747.751	2.892.493
Rekstrartekjur alls		<u>5.390.036</u>	<u>6.060.124</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	2.756.031	2.482.457
Áhöld og tæki	9	48.264	138.086
Þátttaka í mótum	10	284.500	359.000
Kostnaður v/mótahalds	11	500	368.418
Rekstur skrifstofu	13	50.000	14.753
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	566.576	1.806.823
Önnur gjöld	16	577.527	82.584
Rekstrargjöld alls		<u>4.283.398</u>	<u>5.252.121</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>1.106.638</u>	<u>808.003</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		46.874	44.285
Vaxtagjöld	(	1.155	0
Fjármagnstekjuskattur	(	9.369	8.844
		<u>36.350</u>	<u>35.441</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>1.142.988</u>	<u>843.444</u>



Blak - barna og unglingaráð

Efnahagsreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	18	78.704	98.304
Fastafjármunir alls		<u>78.704</u>	<u>98.304</u>
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	21	173.002	23.506
Handbært fé	22	2.482.701	1.425.097
Veltufjármunir alls		<u>2.655.703</u>	<u>1.448.603</u>
Eignir samtals		<u>2.734.407</u>	<u>1.546.907</u>

Blak - barna og unglingaráð

pr. 31. desember

	Skýr.	2017	2016
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		1.546.907	703.463
Tekjuafgangur ársins		1.142.988	843.444
Eigið fé alls		<u>2.689.895</u>	<u>1.546.907</u>
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Viðskiptaskuldir		44.513	0
Skammtímaskuldir alls		<u>44.513</u>	<u>0</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>2.734.408</u>	<u>1.546.907</u>

Starfsskýrsla fimleikadeildar Aftureldingar 2017

Stjórn

Allir meðlimir þeirrar stjórnar sem skipuð var haustið 2016 gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og þar af leiðandi var stjórn fimleikadeildarinnar árið 2017 óbreytt frá árinu á undan. Í stjórn sitja Erla Edvardsdóttir, formaður, Eygerður Helgadóttir, varaformaður, Guðbjörg Snorradóttir, gjaldkeri, Ásdís A. Arnalds, ritari og Berglind J. Richardsdóttir, meðstjórnandi.

Fastráðið starfsfólk í a.m.k. 50% starfi

Vilhjálmína Eva Vilhjálmisdóttir gegnir stöðu framkvæmdastjóra deildarinnar í 50% starfshlutfalli líkt og undangengin ár. Ingibjörg Antonsdóttir, yfirþjálfari, fór í fæðingarorlof vorið 2017 og Anna Valdís Einarsdóttir, sem hafði verið þjálfari í fullu starfi, hóf nám og minnkaði við sig vinnu af þeim sökum. Í þeirra stað var Sondre Kjören Gjølstad ráðinn í stöðu yfirþjálfara frá og með miðjum ágúst 2017 og Guðjón Snær Einarsson ráðinn í fullt starf sem þjálfari.

Húsnæði og áhöld



Stjórn deildarinnar telur afar mikilvægt að halda áfram að endurnýja áhaldakostinn á næstu árum. Lengi hafði staðið til að kaupa nýjan Fiber í húsið og varð loks af þessum kaupum sumarið 2017 ásamt því að keypt var nýtt trampólín, hestur og átta hlaupakubbar.

Á haustönn 2017 átti fimleikadeildin í viðræðum við Mosfellsbæ um að bærinn keypti áhöld deildarinnar og sæi um að endurnýja þau í framtíðinni. Horfið var frá þessari hugmynd og þess í stað fékk fimleikadeildin leyfi íþróttafulltrúa til að leigja fimleikasalinn út fyrir afmælisveislur og bekkjarkvöld og afla þannig fjár til áhaldakaupa. Mikil eftirapurn hefur verið eftir því að fá salinn til leigu undir þess háttar viðburði.

Starfsfólk og stjórn hafa tekið eftir því að mikill raki myndist vegna gólfhita í salnum og fer rakinn illa með dýnur og önnur föst gólfáhöld. Dansgólfíð sem deildin hafði að láni frá Fimleikasambandi Íslands er orðið illa farið og blettir eru farnir að myndast undir nýju dansgólfi sem deildin festi kaup á á síðasta starfsári.

Flokkar og iðkendur

Mikil aðsókn hefur verið í hópum og tóku biðlistar að myndast að hausti. Fjöldi iðkenda er nú 338 að meðaltali á önn og eru þeir á aldrinum tveggja til fjórtíu og átta ára. Tölur eru því mjög sambærilegar og árið áður. Leikskólabörn æfa einu sinni í viku en börn á aldrinum 6 til 16 ára æfa tvisvar til fimm sinnum í viku. Auk þess býður deildin upp á æfingar fyrir fullorðna tvisvar í viku.

Haustið 2017 var ákveðið að 1. flokkur hæfi sameiginlegar æfingar með Ármanni sökum þess að í hópnum voru of fáir iðkendur til þess að hægt væri að mynda keppnislið.

Nokkur styrr hefur staðið um þetta samstarf. Gengið hefur illa að mynda eina liðsheild úr þessum tveimur hópum, bæði þar sem um ólíka iðkendur er að ræða og eins skorti á samráð og samstarf milli þeirra sem komu að þjálfun sameiginlegs hóps. Af þeim sökum var Anna Steinsen hjá KVAN, fengin til að ræða við sameiginlegt lið við upphaf árs 2018 og mæltist það vel fyrir.

Haustið 2017 var jafnframt stofnaður nýr flokkur sem gengur undir nafninu *Fimleikar fyrir alla* eða FFA. Flokkurinn er ætlaður iðkendum á táningsaldri sem vilja auka liðleika og þrek en hafa ekki áhuga á að æfa fimleika sem keppnisíþrótt.

Starfsemi hópanna hefur verið með fjölbreyttu sniði og hafa þjálfarar lagt áherslu á að efla samkennd og vináttu með óformlegum viðburði einu sinni á önn.

Búningar

Deildin á keppnisgalla fyrir stúlkur og drengi sem notaðir eru á mótum eldri iðkenda. Til umræðu hefur verið að rukka keppendur um lágt gjald fyrir leigu á búningnum samhliða innheimtu mótsgjalds. Þannig gæti deildin endurnýjað slitna búninga. Fimleikadeildin sér auk þess um að kaupa félagsbúninga af danska fyrirtækinu Chopar. Iðkendur kaupa félagsbúningana af fimleikadeildinni og krafa er frá deildinni um að þeir verði nýttir á mótum. Enn hafa þó ekki allir iðkendur fest kaup á félagsbúningum, m.a. vegna þess að afgreiðslutími frá fyrirtækinu Chopar er langur.

Fimleikadeildin notar sömu félagsgalla og aðrar deildir félagsins. Þess hefur verið krafist af iðkendum að þeir festi kaup á félagstreyju Aftureldingar til að nota við inn- og útmars á mótum sem deildin tekur þátt í.



Sýningar

Hin árlega jólasýning deildarinnar var haldin með glæsibrag um miðjan desember 2017. Um var að ræða þrjár sýningar, eina sýningu leikskólahópa og tvær sýningar iðkenda í grunn- og framhaldsskóla. Lengra komnir iðkendur (úr 1. og 3. flokki) sýndu atriði á báðum sýningum grunn- og framhaldsskólabarna en aðrir iðkendur komu fram á einni sýningu. Stúlkur í 1. flokki skrifuðu litla jólasögu sem flutt var milli atriða á sýningum grunn- og framhaldsskólabarna og var ungt par með leiklistarreynslu ráðið til að lesa söguna. Áhersla var lögð á að skreyta salinn með litlum tilkostnaði. Stjórn deildarinnar sá um að koma með jólaseríur og annað jólasbraut og var salurinn hinn glæsilegasti. Innkoma af aðgangseyri þótti ásættanleg.



Mótahald

Fimleikadeild Aftureldingar var um langt skeið undanþegið frá því að halda mót á vegum FSÍ vegna áhaldaskorts. Eftir að deildin festi kaup á nýjum Fiber, sumarið 2017, fór FSÍ þess á leit við fimleikadeildina að hún héldi tvö mót á ári, þ.e. eitt á hvorri önn. Vegna bókana á sölum íþróttahússins að Varmá varð þó ekkert af mótshaldi á haustönn 2017 og heldur deildin þess í stað halda tvö mót við upphaf árs 2018.

Sumarnámskeið

Boðið var upp á sumarnámskeið og sumaræfingar í júní og ágúst 2017 og voru þau vel sótt. Ekki hefur þó verið tekin ákvörðun um hvort sumarnámskeið verði haldin árið 2018 vegna þess að námskeiðin hafa ekki staðið fyllilega undir sér, fjárhagslega. Deildin hefur óskað eftir því að Mosfellsbær ráði fleiri ungmenni með bakgrunn í fimleikum til að kenna á sumarnámskeiðunum, líkt og tíðkast hefur í fótboltanum um langt skeið, en ekki hefur verið orðið við þeirri ósk.

Fyrir hönd fimleikadeildar Aftureldingar

Ásdís A. Arnalds, Guðbjörg Snorradóttir og Vilhelmina Eva Vilhjálmsdóttir





Fimleikar

Rekstrarreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir	1	6.781.125	3.051.679
Húsa- og vallarleigutekjur	4	0	121.000
Aðrar tekjur	5	26.585.913	21.609.921
Rekstrartekjur alls		<u>33.367.038</u>	<u>24.782.600</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	21.981.829	24.100.691
Áhöld og tæki	9	648.239	1.722.474
Þátttaka í mótum	10	2.975.300	1.201.666
Kostnaður v/mótahalds	11	266.000	191.730
Rekstur skrifstofu	13	44.759	52.086
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	175.262	169.126
Önnur gjöld	16	1.739.154	1.000.883
Rekstrargjöld alls		<u>27.830.543</u>	<u>28.438.656</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>5.536.495</u>	<u>(3.656.056)</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		152.781	166.418
Vaxtagjöld		(5.457)	(821)
Fjármagnstekjuskattur		(29.086)	(32.513)
		<u>118.238</u>	<u>133.084</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>5.654.733</u>	<u>(3.522.972)</u>



Fimleikar

Efnahagsreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

		Skýr.	2017	2016
EIGNIR				
FASTAFJÁRMUNIR				
Varanlegir rekstrarfjármunir	18		5.769.036	2.133.422
Fastafjármunir alls			<u>5.769.036</u>	<u>2.133.422</u>
VELTUFJÁRMUNIR				
Skammtímakröfur	21		3.644.283	2.513.960
Handbært fé	22		4.038.972	1.282.694
Veltufjármunir alls			<u>7.683.255</u>	<u>3.796.654</u>
Eignir samtals			<u>13.452.291</u>	<u>5.930.076</u>

Fimleikar

pr. 31. desember

		Skýr.	2017	2016
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ				
EIGIÐ FÉ				
Óráðstafað eigið fé			5.210.797	8.733.769
Tekjuafgangur ársins			5.654.733	(3.522.972)
Eigið fé alls			<u>10.865.530</u>	<u>5.210.797</u>
LANGTÍMASKULDIR				
SKAMMTÍMASKULDIR				
Viðskiptastaða við Aðalstjórn			538.209	663.066
Viðskiptaskuldir			2.277.800	18.288
Ógr. laun			(229.248)	37.925
Skammtímaskuldir alls			<u>2.586.761</u>	<u>719.279</u>
Skuldir og eigið fé samtals			<u>13.452.291</u>	<u>5.930.076</u>

Starfsskýrsla frjálsíþróttadeildar Aftureldingar 2017

Starfsár frjálsíþróttadeildarinnar 2017-2018 var gott. Við eignuðumst nokkra Íslandsmeistara eins og á síðasta ári, en stærsti heiður deildarinnar var að Guðmundur Ágúst Thoroddsen var kjörinn bæði Íþróttamaður Aftureldingar og Íþróttamaður Mosfellsbæjar. Þetta endurspeglar það góða og mikla starf sem unnið er í deildinni. En það má gera betur.



Mikil samkeppni er á milli íþróttafélaga og hefur deildin ekki náð að verjast aðsókn annarra í mjög efnilega iðkendur. Á síðasta ári missti deildin tvo mjög sterka íþróttamenn, sem tilheyra úrvalshópi Frjálsíþróttasambandsins yfir til annarra íþróttafélaga. Helsta ástæðan er aðstöðuleysi og skortur á fjármagni til að ráða sérhæfða þjálfara sem geta stutt við bakið á sterkum og sérhæfðum iðkendum. Í ár, sem og fyrri ár þurfa iðkendur 14 ára og eldri að sækja æfingar yfir vetrartímann niður í Laugardalshöll, er það sökum aðstöðuleysis í Mosfellsbæ til að æfa og iðka frjálsar.

Aðstöðuleysi hefur verið rætt með aðalstjórn Aftureldingar en við þurfum að sameinast til að herja á bæjarstjórn Mosfellsbæjar. Varmárvöllur fékk smá viðhald síðasta sumar þegar hlaupabrautin var hreinsuð og línurnar málaðar en við þurfum að standa vörð um völinn okkar. Varmárvöllur þarf að nýtast bæði frjálsíþróttadeild og knattspyrnudeild. Áframhaldandi viðhald að hálfu bæjaryfirvalda er nauðsynlegt og bæta þarf áhöld og dýnur sem tilheyra frjálsíþróttasvæðinu, laga stökkgrýfur og langstökks atrennur.

Hið árlega *Álafosshlaup* var haldið 12. júní síðastliðinn og gekk það einstaklega vel. Hlauparar voru tvöfalt fleiri síðasta sumar en árið áður. Fengum við alls 112 hlaupara, 65 konur og 47 karla. Deildin



vonast til að fá fleiri hlaupara næsta sumar. Ákveðið var að brydda uppá nýjung innan deildarinnar sem voru sumarnámskeið fyrir aldurshópin 6-12 ára. Sumarnámskeið voru þau sex talsins frá miðjum júní og inni miðjan ágúst. Námskeiðið fékk nafnið „*Usain Bolt Sprett- og leikjanámskeið*“. Á námskeiðið mættu tæplega eitt hundrað iðkendur og fóru sumir á fleiri en eitt námskeið. Áður hafði deildin ekki haldið sumarnámskeið í u.þ.b. átta ár, en þetta tókst vel til og þökkum við þjálfurum og starfsmönnum námskeiðana fyrir flott og gott starf.

Stjórnin hefur unnið hörðum höndum við að byggja deildina upp og efla hana innan frá. Ráðnir voru tveir nýjir þjálfarar, nemar í íþróttfræðum við Háskóla Íslands til að þjálfa yngri flokkana sem æfa í Varmá. Ákveðið var að styrkja efnilegan iðkanda í meistaraflokki á þjálfaranámskeið hjá ÍSÍ og mun það standa öðrum iðkendum til boða áfram. Þetta eru liðir í að styrkja við uppeldisstarf deildarinnar og efla íþróttastarf yngstu iðkendur. Deildin stefnir einnig á að halda Gogga galvaska að nýju næsta sumar en hann hefur ekki verið haldinn síðan árið 2015. Með Gogga galvaska vonast deildin til að rétta reksturinn af, fjölga iðkendum og efla starfsemi frjálsíþróttadeildarinnar. Í byrjun ársins 2018 tókst loks að fullmanna stjórn deildarinnar og er það mikið gleðiefni á meðal áhugamanna um frjálsar íþróttir. Stjórnina sitja Ingvar Jón Gunnarsson formaður, Þórdís Sveinssdóttir gjaldkeri, Teitur Ingi Valmundsson ritari, Bergþóra Þorsteinsdóttir meðstjórnandi og Stefán Magnússon meðstjórnandi.





Frjálsar

Rekstrarreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir	1	920.110	1.292.549
Tekjur af mótum	2	333.979	62.000
Aðrar tekjur	5	3.627.457	3.356.429
Rekstrartekjur alls		<u>4.881.546</u>	<u>4.710.978</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	4.718.337	3.968.710
Áhöld og tæki	9	61.615	76.288
Þátttaka í mótum	10	930.170	1.200.248
Kostnaður v/mótahalds	11	11.748	38.094
Rekstur skrifstofu	13	67.764	64.669
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	142.843	20.000
Önnur gjöld	16	42.467	36.290
Rekstrargjöld alls		<u>5.974.944</u>	<u>5.404.299</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>(1.093.398)</u>	<u>(693.321)</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		28.854	73.433
Vaxtagjöld		<u>(2.877)</u>	<u>(17)</u>
Fjármagnstekjuskattur		<u>(5.718)</u>	<u>(14.325)</u>
		<u>20.259</u>	<u>59.091</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>(1.073.139)</u>	<u>(634.230)</u>

Frjálsar

Efnahagsreikningur - UMF Afturelding 460974-0119


	Skýr.	2017	2016
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	18	59.410	74.262
Fastafjármunir alls		<u>59.410</u>	<u>74.262</u>
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	21	316.685	168.290
Handbært fé	22	151.835	934.813
Veltufjármunir alls		<u>468.520</u>	<u>1.103.103</u>
Eignir samtals		<u>527.930</u>	<u>1.177.365</u>



Frjálsar

pr. 31. desember

	Skýr.	2017	2016
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		1.255.588	1.889.818
Tekjuafgangur ársins	(	1.073.139	(634.230)
Eigið fé alls		<u>182.449</u>	<u>1.255.588</u>
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Viðskiptastaða við Aðalstjórn		260.266	68.166
Viðskiptaskuldir		11.748	220.950
Ógr. laun		<u>73.467</u>	<u>(367.339)</u>
Skammtímaskuldir alls		<u>345.481</u>	<u>(78.223)</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>527.930</u>	<u>1.177.365</u>





Starfsskýrsla handknattleiksdeildar Aftureldingar 2017

Stjórn deildar

Inga Lilja Lárusdóttir formaður, Ásgeir Sveinsson varaformaður, Guðfinna Ármannsdóttir meðstjórnandi, Annar Reynis meðstjórnandi og Þorvaldur Einarsson meðstjórnandi.

Meistaraflokksráð karla: Ásgeir Sveinsson formaður, Hlynur Þrastarsson gjaldkrei, Leifur Guðjónsson ritari, Björgvin Elvar Björgvinsson, Einar Bragason, Guðmundur Birgisson, Gunnar Guðjónsson, Haukur Níelsson, Haukur Sigurvinsson, Ingimundur Helgason, Jón Andri Finnsson, Guðmundur Ásgeirsson, Gylfi Ágústsson, Jóhannes Jóhannesson og Friðrik Fannar Sigfússon meðstjórnendur.

Meistaraflokksráð kvenna: Þorvaldur Einarsson formaður, Guðfinna Ármannsdóttir gjaldkeri, Íris Sigurðardóttir meðstjórnandi, Sigrún Másdóttir meðstjórnandi, Sigurjón Gunnlaugsson heimaleikjarað og Ragnheiður Jóhannesdóttir heimaleikjarað.

Barna- og unglingaráð: Hannes Sigurðsson formaður, Anna Reynis gjaldkeri, Atli Viðar Bragason búngingamál, Guðfinna Ármannsdóttir ritari, Elva Björk Pálsdóttir, Helena Sveinbjarnardóttir, Sigurður Fjelsted og Bernharð Eðvarðsson meðstjórnendur.

Frá formanni deildar

Það er búið að vera nóg að gera hjá handknattleiksdeildinni þetta árið sem fyrr. Við höfum aldrei átt eins marga iðkendur er tóku þátt í landsliðsverkefnum á vegum HSÍ en þau eru 22 talsins, það er mikið fagnaðarefni fyrir félagið. Haldið var áfram að efla heimasíðuna og facebook síðu deildarinnar. Allar auglýsingar á leikjum og viðburðum eru settar inn á facebook síðuna og twitter og því er útbreiðslan mikil. Íslandsmótið hjá 3. og 4. flokki karla og kvenna er ennþá í vinnslu hjá HSÍ og hafa aldrei verið færðir svona margir leiki til og frá, frá því ég kom til starfa fyrir deildina fyrir tíu árum síðan. Tel ég helstu ástæðuna vera að búið er að skipta um mótstjóra hjá HSÍ tvisvar sinnum á einu ári.

Nú er meira en ár síðan ég sendi inn erindi til aðalstjórnar vegna gólfsins að Varmá. Þá vorum við kominn að þeim tímapunkti að það lægi á að skipta um gólfefni. Nú 14 mánuðum seinna þá er úttekin á gólfunum statt hjá tæknideild og frístundasviði. Nú er ljóst að við getum ekki beðið lengur og teljum við í stjórninni að það verði að skipta um gólfið strax.

Húsið var reist árið 1998 og dúkurinn því orðinn 20 ára. Skv. okkar heimildum er því komið langt fram yfir líftíma dúksins. Þar að auki hefur dúkurinn einu sinni orðið fyrir miklum vatnsskaða. Ekki liggur fyrir hvað áhrif það hefur haft á undirlagið.

Mikil meiðsl hafa dunið á iðkendum handknattleiksdeildar og aldrei jafn mikið eins og árið 2017. Við höfum séð allt frá tognunum upp í alvarleg slit/brot. Frá okkar bæjardyrum séð er útilokað annað en að draga þá ályktun að dúkurinn spili þarna inni og vísun við í rannsóknir sem hafa verið gerðar t.d í Noregi þar var meiðslatiðni skoðuð miðað við gólfefni sem var notað og sást greinilega að fleiri meiddust á æfingum og keppnum þar sem að gólfdukur var á heldur en parketi.

Afar illa gengur að halda dúknum hreinum. Starfsfólkið þrífur hann reglulega en það dugar ekki til, það er alltaf ryk á honum, hann sleipur og það veldur mikilli meiðslahættu.

Það er því algjört forgangsmál hjá nýrri stjórn að halda áfram að pressa á að þetta náist í gegn í sumar því við erum að tala um velferð iðkenda okkar.

Lokaorð

Ég vil fyrir hönd handknattleiksdeildar Aftureldingar þakka meðstjórnendum mínum, ráðunum þremur, yfirþjálfara, þjálfurum deildarinnar, starfsfólki skrifstofu og íþróttahúss kærlega fyrir gott samstarf í vetur. Einnig vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum er hafa unnið baki brotnu í þágu félagsins því án þeirra væri rekstur deildarinnar ekki mögulegur.

Inga Lilja Lárusdóttir

Formaður handknattleiksdeildar

Frá yfirþjálfara

Starf yngri flokka hjá Aftureldingu er í miklum blóma. Félagið teflir fram liðum í öllum flokkum karla og kvenna. Allir flokkar eru nokkuð fjölmennir og afar gott starf í gangi í þeim. Líkt og síðustu ár teflum við fram afar öflugum þjálfurum. Margir þjálfarar hafa mikla reynslu og þekkingu og nægir þar að nefna Sigrúnu Másdóttur sem hefur þjálfað árum saman hjá handknattleiksdeild, Bjarka Sigurðsson margreyndan landsliðsmann og Ingimund Helgason fyrirverandi leikmann félagsins og þaulreyndan þjálfara. Þar að auki erum margir ungir og efnilegir þjálfarar sem hafa mikinn metnað og áhuga fyrir sínu starfi. Afturelding starfrækir líkt og síðustu ár Handboltaakademíu í samstarfi við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Undirritaður stýrir henni og styrktarþjálfari er Gunnar Malmquist.



Margir efnilegir iðkendur eru innan raða félagsins og einnig eigum við mörg lið í fremstu röð. Hlúa þarf vel að öllum flokkum bæði karla og kvenna megin og setja enn meiri kröfur á þjálfara og félagið að búa til gott umhverfi til þess að þessir krakkar og lið blómstri og dafni. Efniviðurinn er til staðar og metnaðurinn í félaginu líka.

Haldið var sérstakt afreksnámskeið fyrir iðkendur félagsins um jólin og tóku alls um 30 krakkar þátt í því. Annað námskeið er fyrirhugað um páska og hið þriðja í lok annar.

BUR heldur utan um starf yngri flokka í samstarfi við yfirþjálfara, það hefur unnið afar gott starf og skapað góða umgjörð fyrir þjálfara og iðkendur.

Ekki er hjá komist að nefna að það er mat undirritaðs að löngu tímabært sé að skipta um gólf á íþróttahúsinu í Varmá. Ekki er hjá komist að horfa til að há meiðslatíðni geti að einhverju leiti skrifast á það undirlag sem íþróttafólkið okkar notar. Ungt íþróttafólk í Mosfellbæ á skilið að geta æft við aðstæður sem setja ekki íþróttaiðkunn þeirra í hættu til framtíðar.

Einar Andri Einarsson

Meistaraflokkur karla

Tímabilið 2016-2017 tefldi Afturelding fram öflugu liði í Úrvalsdeild karla líkt og 'síðustu ár. Þjálfari var Einar Andri Einarsson og honum til aðstoðar, Daði Hafþórsson. Markmannspjálfaí var Magnús Sigmundsson og styrktarþjálfari Rúna Björg. Til liðs við liðið gengu þeir Jón Heiðar Gunnarsson og Ernig Hrafn Arnarsson á miðju tímabili. Liðið lenti í miklum meiðsla vandræðum á tímabilinu. Þeir Birkir Benediktsson, Pétur Júníusson og Böðvar Páll Ásgeirsson misstu allir af nánast öllu tímabilinu. Gengi liðsins var afar misjafnt. Fyrir jól var liðið nánast ósigrandi og á toppnum um jólin, en gaf mikið eftir þegar leið á tímabilið. Liðið lék þó bæði til úrslita í deildarbikar og bikarkeppninni en tapaði báðum leikjum fyrir FH og Val. Liðið fór í undanúrslit í Íslandsmóti eftir að hafa sigrað Selfoss í 8-liða úrslitum en datt út fyrir FH í undanúrslitum. Liðið endaði í 4. Sæti úrvalsdeildar.

Fyrir tímabilið 2017-2018 urðu miklar breytingar á liði Aftureldingar. Eftirtaldir leikmenn ýmist



hættu eða fóru í önnur lið: Davíð Svansson, Þrándur Gíslason, Kristófer Fannar Guðmundsson, Guðni Már Kristinsson og Jóhann Jóhannsson. Í stað þeirra komu þeir Lárus Helgi Ólafsson, Kolbeinn Aron Ingibjargarsson, Þorgrímur Smári Ólafsson og Einar Ingi Hrafnsson.

Ásgeir Sveinsson

Meistaraflokkur kvenna

Afturelding endaði síðasta tímabil í 6. sæti í 1. deildinni af átta liðum. Komst í 8-liða úrslit í bikarnum en tapaði þar fyrir Haukum. Eftir tímabilið missum við all nokkra leikmenn, Paula Chirila og Krista Szabo fóru aftur út, Dagný Huld Birgisdóttir fór í Stjörnuna, Andrea Ósk Þorkelsdóttir er barnshafandi, Magnea Rós hættir vegna meiðsla, Erla Mjöll Tómasdóttir, Heiðrún Jenný Smáradóttir, Íris Sigurðardóttir, Vigdís Brandsdóttir og Sesselja Júlía Ingvarsdóttir hættu. Yfir sumarið var farið í mikla vinnu við að bæta liðið og fengum við til okkar Harald Þorvarðarson til þess að þjálfa liðið með undirrituðum og fengum við einnig til okkar fjóra leikmenn, þær Heklu Rún Ámundadóttur, Hildi Karen Jóhannsdóttur, Sigrúnu Birnu Arnarsdóttur og Eddu Þórunni Þórnarsdóttur. Þegar mótið var nýbyrjað misstum við leikmenn hjá okkur í meiðsli og vantaði okkur því marga leikmenn í fyrstu leikjum tímabilsins. Þar sem mótið var bara 16 leikir (átta fyrir

áramót) var mjög erfitt að missa svona marga leiki án fulls liðs og vorum við með sjö stig af 16 mögulegum eftir fyrri hluta tímabilsins. Féllum við úr bikarnum í 16-liða úrslitum og aftur gegn Haukum. Í desember missum við svo alveg fjóra leikmenn Hekla fer í Hauka, Hildur og Edda meiddust og Sigrún sleit krossband.

Enn erum við í mikilli uppbyggingu í félaginu og koma inn nýjir leikmenn úr yngri flokkunum á hverju ári, sú vinna hefur gengið mjög vel en enn munum við þurfa að bæta aðeins í liðið fyrir næstu ár sem verður vonandi minna og minna þangað til við getum búið til samkeppnis hæft lið í Mosfellsbænum með stelpum héðan. 3. fl gengur mjög vel og hafa margar stelpur þaðan fengið mínútur í mfl. leikjum, sem er mjög gott. Markmið okkar er enn það sama, að búa til kvenna lið hér í bæ sem mun festa sinn sess í íslenskum kvennahandbolta.



Davíð Svansson

Handboltaskóli Aftureldingar

Handboltaskóli Aftureldingar hefur verið í minni umsjá síðastliðin átta ár og byrjaði með um 20 krökkum. Skólinn er fyrir bæði kyn og hefur það gefið góða raun að kynin æfi saman. Skólinn hefur stækkað jafnt og þétt og síðastliðin ár hafa verið allt að 60 krakkar á námskeiðinu. Markmið skólans er að kynna handbolta og kenna þátttakendum ákveðinn grunn í handbolta. Einnig hefur verið lögð áhersla á önnur atriði fyrir þá krakka sem hafa verið að æfa handbolta. Ég hef verið með tvískipt námskeið fyrir 7-10 ára og 11-14 ára. Ég hef séð alfarið um námskeiðið og notað eldri krakka frá handboltadeildinni til að aðstoða mig. Þetta eru krakkar sem hafa verið dugleg að æfa og sum vilja undirbúa sig fyrir að verða þjálfarar. Þau hafa fengið þetta sem val í samvinnu við vinnuskóla bæjarins og hafa geta unnið í handboltaskólanum frekar en vinna hefðbunda vinnu innan vinnuskólans. Þau hafa alltaf staðið sig sérstaklega vel og þetta gefur þeim góða innsýn inn í áframhaldandi þjálfun. Krakkarnir eru líka hugsaðir sem góðar fyrirmyndir fyrir krakkana sem koma á námskeiðið. Margir þátttakendur hafa byrjað að æfa handbolta eftir að hafa mætt á námskeiðið.

Ég hef haldið gjaldinu í lágmarki, það hefur reynst vel og ég veit að það hefur haft áhrif á hversu margir krakkar hafa mætt. Námskeiðið er haldið í byrjun ágúst og það hefur verið góður tími til að



koma krökkunum af stað eftir sumarfrí og einnig góður undirbúningur áður en reglubundnar æfingar byrja aftur hjá deildinni í byrjun sept.

Ég hef fengið bæði flottar fyrirmyndir frá meistarflokkum Aftureldingar til að koma og spjalla við krakkana og einnig alltaf fengið landsliðsmenn bæði stelpur og stráka til að koma og kenna krökkunum. Einnig hafa komið aðrir þjálfarar innan deildarinnar og einnig utan deildarinnar sem hafa mikla reynslu og miðlað til krakkana. Gestirnir hafa alltaf gefið mikið af sér og þetta hefur oft staðið upp úr á námskeiðinu.

Ég hef tekið mér launalaust leyfi úr minni aðalvinnu til að hafa þetta námskeið og gert það af mikilli ánægju. Það hefur verið mikill metnaður hjá mér að krakkarnir læri sem mest og fari ánægð af námskeiðinu. Ég er með góða reynslu af þjálfun og hef alltaf þjálfað fyrir Aftureldingu og hef stundað handbolta sjálf með hléum frá sjö ára aldri. Ég er menntaður íþróttافرæðingur frá Háskólanum í Reykjavík.

Sigrún Másdóttir

Landsliðverkefni 2017

Handboltaskóli HSÍ 2017

Á sumrin senda félögin að hámarki fjórar stelpur og fjóra stráka til að taka þátt í handboltaskóla HSÍ. Hjá stelpunum voru það þær Emilía G. Hauksdóttir og María Eir Guðjónsdóttir og hjá strákunum voru þeir Arnór Dagur Þóroddsson og Böðvar Scheving Guðmundsson.

Við eigum því 22 iðkendur sem taka þátt í landsliðverkefnum á vegum HSÍ.

U 15 ára landlið Íslands

Egill Steingrímur Árnason, Haraldur Björn Hjörleifsson og Kristín Erla Andrésdóttir

U15 og U16 ára landslið Íslands

Úlfhildur Tinna Lárusdóttir, Anna Katrín Bjarkadóttir og Brynjar vinnir Sigurjónsson

U16 og U17 ára

Ágúst Björgvinsson

U17 ára landslið Íslands

Egill Hjartarsson



U17 og U18 ára landslið Íslands

Björgvin Fraz Björgvinsson og Eva Dís Sigurðardóttir

U18 ára landslið Íslands

Margrét Erla Hákonardóttir og Kristófer Karlsson

U17/U18/U20 ára landslið Íslands

Þóra María Sigurjónsdóttir

U19 og U20 ára landslið Íslands

Kristófer Andri Daðason

U21 árs landslið Íslands

Birkir Benediktsson og Gestur Ólafur Ingvason





Handknattleiksdeild - BUR

Rekstrarreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir	1	5.263.237	4.823.905
Tekjur af mótum	2	1.817.415	2.776.971
Húsa- og vallarleigutekjur	4	298.000	0
Aðrar tekjur	5	12.330.065	13.991.545
Rekstrartekjur alls		<u>19.708.717</u>	<u>21.592.421</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	15.490.161	15.340.007
Félagaskipti og sala leikmanna	8	0	10.000
Áhöld og tæki	9	205.357	891.086
Þátttaka í mótum	10	1.305.647	4.368.688
Kostnaður v/mótahalds	11	476.379	1.389.844
Rekstur skrifstofu	13	124.790	267.937
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	64.244	268.631
Önnur gjöld	16	1.513.061	(430.848)
Rekstrargjöld alls		<u>19.179.639</u>	<u>22.105.345</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>529.078</u>	<u>(512.924)</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		72.442	54.453
Vaxtagjöld		(34.968)	(44.818)
Fjármagnstekjuskattur		(14.234)	(10.113)
		<u>23.240</u>	<u>(478)</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>552.318</u>	<u>(513.402)</u>



Handknattleiksdeild - BUR

Efnahagsreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
VELTUFJÁRMUNIR			
Vörubirgðir	20	0	816.952
Skammtímakröfur	21	1.650.238	4.682.481
Handbært fé	22	3.297.145	815.802
Veltufjármunir alls		<u>4.947.383</u>	<u>6.315.235</u>
Eignir samtals		<u>4.947.383</u>	<u>6.315.235</u>

Handknattleiksdeild - BUR

pr. 31. desember

	Skýr.	2017	2016
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		2.162.697	2.676.099
Tekjuafgangur ársins		552.318	(513.402)
Eigið fé alls		<u>2.715.015</u>	<u>2.162.697</u>
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Viðskiptastaða við Aðalstjórn		1.715.479	717.700
Viðskiptaskuldir		390.889	2.464.583
Ógr. laun		126.000	970.255
Skammtímaskuldir alls		<u>2.232.368</u>	<u>4.152.538</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>4.947.383</u>	<u>6.315.235</u>



Handknattleiksdeild - Mfl kk

Rekstrarreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir	1	34.179.992	31.957.895
Tekjur af mótum	2	3.528.279	4.351.839
Aðrar tekjur	5	572.044	500.000
Rekstrartekjur alls		<u>38.280.315</u>	<u>36.809.734</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	16.187.900	14.278.838
Félagaskipti og sala leikmanna	8	1.188.094	1.203.631
Áhöld og tæki	9	1.269.428	976.733
Þátttaka í mótum	10	15.313.951	14.370.339
Kostnaður v/mótahalds	11	1.063.302	1.580.036
Rekstur mannvirkja	12	126.913	144.408
Rekstur skrifstofu	13	199.361	605.650
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	255.915	274.995
Önnur gjöld	16	1.526.390	3.173.888
Rekstrargjöld alls		<u>37.131.254</u>	<u>36.608.518</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>1.149.061</u>	<u>201.216</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		83.326	89.957
Vaxtagjöld	(	43.067)	(56.837)
Fjármagnstekjuskattur	(	16.602)	(15.549)
		<u>23.657</u>	<u>17.571</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>1.172.718</u>	<u>218.787</u>



Handknattleiksdeild - Mfl kk

Efnahagsreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	21	4.562.267	3.415.132
Handbært fé	22	132.825	505.637
Veltufjármunir alls		<u>4.695.092</u>	<u>3.920.769</u>
Eignir samtals		<u>4.695.092</u>	<u>3.920.769</u>

Handknattleiksdeild - Mfl kk

pr. 31. desember

	Skýr.	2017	2016
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		3.239.847	3.021.060
Tekjuafgangur ársins		1.172.718	218.787
Eigið fé alls		<u>4.412.565</u>	<u>3.239.847</u>
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Virðisaukaskattur	23	120.000	0
Viðskiptaskuldir		162.527	680.922
Skammtímaskuldir alls		<u>282.527</u>	<u>680.922</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>4.695.092</u>	<u>3.920.769</u>



Handknattleiksdeild Mfl.kvk

Rekstrarreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir	1	6.975.715	7.032.912
Tekjur af mótum	2	312.229	251.236
Húsa- og vallarleigutekjur	4	60.000	0
Aðrar tekjur	5	70.000	700.000
Rekstrartekjur alls		<u>7.417.944</u>	<u>7.984.148</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	3.411.570	2.985.207
Félagaskipti og sala leikmanna	8	65.000	431.882
Áhöld og tæki	9	273.882	422.132
Þátttaka í mótum	10	2.384.594	3.853.413
Kostnaður v/mótahalds	11	1.113.866	1.901.299
Rekstur mannvirkja	12	0	14.147
Rekstur skrifstofu	13	11.772	48.532
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	77.000	133.000
Önnur gjöld	16	403.460	196.078
Rekstrargjöld alls		<u>7.741.144</u>	<u>9.985.690</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>(323.200)</u>	<u>(2.001.542)</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		9.988	8.404
Vaxtagjöld		(56.784)	(7.651)
Fjármagnstekjuskattur		(1.997)	(1.680)
		<u>(48.793)</u>	<u>(927)</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>(371.993)</u>	<u>(2.002.469)</u>



Handknattleiksdeild Mfl.kvk

Efnahagsreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
VELTUFJÁRMUNIR			
Vörubirgðir	20	175.200	262.300
Skammtímakröfur	21 (	199.110)	800.041
Handbært fé	22	174.605	619.637
Veltufjármunir alls		<u>150.695</u>	<u>1.681.978</u>
Eignir samtals		<u>150.695</u>	<u>1.681.978</u>

Handknattleiksdeild Mfl.kvk

pr. 31. desember

	Skýr.	2017	2016
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé	(	1.881.692)	(36.723)
Tekjuafgangur ársins	(	371.993)	(2.002.469)
Eigið fé alls		<u>(2.253.685)</u>	<u>(2.039.192)</u>
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Viðskiptastaða við Aðalstjórn		1.117.959	603.980
Viðskiptaskuldir		1.286.421	2.985.266
Ógr. laun		0	131.924
Skammtímaskuldir alls		<u>2.404.380</u>	<u>3.721.170</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>150.695</u>	<u>1.681.978</u>

Starfsskýrsla karatedeildar Aftureldingar 2017

Stjórn deildarinnar 2017-2018

Anna Olsen formaður, Alma Ragnarsdóttir varaformaður og ritari, Arnar Björgvinsson meðstjórnandi, Anna María Þórðardóttir meðstjórnandi, Elín Ragnarsdóttir gjaldkeri, Emil Gústafsson meðstjórnandi, Halla Fróðadóttir meðstjórnandi og Jóhannes Eyfjörð meðstjórnandi.

Aðalfundur deildarinnar var 12. mars 2018

Þjálfarar deildarinnar

Yfirþjálfari karatedeildar Aftureldingar er Willem C. Verheul 3. dan, hann einnig er yfirþjálfari karatedeildar Fjölnis.

Aðrir þjálfarar : Snæbjörn Willemsson Verheul 3. dan

Aðstoðarþjálfarar : Magnús Willemsson Verheul 1. dan Anna Olsen, Shodan Ho, Agla og Oddný Þórarinsdætur 1. Kyu, Elín Björg Arnarsdóttir Shodan Ho, og Valdís Ósk Árnadóttir Shodan Ho.

Æfingátímar

Karatedeildin er með æfingátíma alla daga vikunnar. Uppsetning á æfingátímum er þó með svipuðu sniði og sl. ár, þ.e. æfingar fara fram seinnipart dags, yngstu iðkendur byrja og þeir elstu eru fram á kvöld. Byrjendatímar eru kl. 17:30 – 19:00 á mánudögum og miðvikudögum. Afreksæfingar eru í Egilshöll á mánudögum og miðvikudögum með iðkendum Fjölnis þar sem ekki tókst að manna þjálfara á báðum stöðum.



Hópaskiptingar æfingaárið 2017-2018

Byrjendahópur – 6-13 ára

Byrjendahópur – fullorðinna kennt í Egilshöll, í samstarfi við karated. Fjölnis

Framhald – yngri, 6-8 ára, blönduð belti

Framhald – eldri, 9-12 ára, blönduð belti

Framhald – unglingar, 11-15 ára, há belti

Fullorðinshópur – 16 ára og eldri

Afrekshópur – iðkendur sem einbeita sér að keppni, gráðun ofl. Yfirþjálfari velur í þennan hóp.

Fjöldi skráðra karateiðkenda í deildinni eru u.þ.b. 65, flestir eru á aldrinum 6 - 14 ára.

Ný byrjendanámskeið voru auglýst í ágúst 2017 fyrir 6-13 ára, og einnig boðið upp á fullorðinsnámskeið í samstarfi með karatedeild Fjölnis, engin þáttaka var þar.



Íslandsmeistaratitlar og aðrir titlar í karate árið 2017

21. janúar 2. Bushido mót KAI

Kata 14-15 ára pilta	Máni 1. sæti, Þórður 3. sæti, Matthías 5-6 sæti
Kumite 14-15 ára pilta	Matthías 3. sæti, Máni 5-6 sæti
Kumite 14-15 ára stúlkna	Elín 5-6 sæti

25. janúar Reykjavík International Games

Kata cadet	Matthías 2. sæti, Máni 3. sæti
Kata female youth	Oddný 2. sæti
Kumite cadet +63 kg	Þórður 3. sæti, Matthías 3. sæti

25.mars 3. Bushido mót KAI

Kata 12-13 ára	Oddný 3. sæti
Kata 14-15 ára pilta	Matthías 3. sæti, Þórður 3. sæti og Máni 5-6 sæti
Kata 14-15 ára stúlkur	Agla 5-6 sæti
Kumite 14-15 ára pilta	Máni 1. sæti og Þórður 3. sæti

6. maí Íslandsmeistaramót barna í kata

Kata 10 ára	Dóra 3. sæti
Hópkata 9 ára og yngri	Axel, Patrekur, Sverrir 3. sæti
Kata 12 ára	Þorgeir 3. sæti

7. maí Íslandsmeistaramót unglunga í kata

Kata 13 ára	Oddný 3. sæti
Kata 15 ára	Þórður 2. sæti, Máni 3. sæti, Matthías 3. sæti, Elín 3. sæti
Hópkata 12-13 ára	Gunnar, Hugi, Þorgeir 3. sæti
Hópkata 14 og 15 ára	Agla, Elín, Heiða 3. sæti og Matthías, Máni, Þórður 3. sæti

13. maí Göteborg Open, Svíþjóð

Kumite cadet +63 kg	Máni 2. sæti, Þórður 3. sæti
Kata cadet	Þórður 3. sæti



Hópkumite	Matthías, Máni og Þórður 3. sæti
Kata cadet	Matthías 5-6 sæti og Máni 5-6 sæti
Kumite cadet +63 kg	Matthías 5-6 sæti

16. september Haustmót KAI

Kata 14-15 ára	Andrés 3. sæti
----------------	----------------

15. október Íslandsmeistaramót unglunga í kumite

Kumite 12 ára	Gunnar 2. sæti, Hugi 3. sæti, Þorgeir 3. sæti
Kumite 14-15 ára +63	Þórður 2. sæti, Máni 3. sæti

29. október Kobe Osaka – Grangemouth, Skotland

Gladiator 12-13 ára	Gunnar 3. sæti
Kumite 10-11 ára	Þorgeir 1. sæti
Kumite 14-15 ára	Máni 1. sæti, Matthías 2. sæti, Þórður 3. sæti
Kumite 12-13 ára	Gunnar 2. sæti, Hugi Tór 3. sæti
Kata 10-11 ára	Þorgeir 1. sæti
Kata 14-15 ára	Matthías 1. sæti, Þórður 2. sæti, Máni 3. sæti
hópkata 11-15 ára	Máni, Matthías, Þórður 2. sæti og Gunnar, Þorgeir, Hugi 3. sæti

11. nóvember Fjörkálfamót kumite

Kumite 9-10 ára	Sverrir 1. sæti, Patrekur 1. sæti, Aron Þór 2. sæti, Axel, 2. sæti
Kumite 10-11 ára	Dóra 2. sæti

18. nóvember Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite

Kumite KVK +61	Telma Rut 1. sæti
Kumite KVK opinn fl.	Telma Rut 2. sæti

25. nóvember æfingamót KOI í Kata fyrir 11 ára og yngri

Kata yngri A	Brynjar Kári 2. sæti, Tómas 3. sæti
Kata yngri B	Brynjar Már 2. sæti, Theódór 3. sæti, Kristína 3. sæti
Kata eldri	Dóra 1. sæti

Kata eldri A	Ákos 1. sæti, Halldór Kári 2. sæti, Sverrir 3. sæti
Kata eldri B	Axel 1. sæti, Patrekur 2. sæti, Aron Þór 3. sæti
Kata eldri C	Huginn 3.sæti

Félagsstarf og starfsemin árið 2017

Í janúar var Íþróttamaður Mosfellsbæjar valinn og hlaut Telma Rut Frímannsdóttir, karate kona titilinn. Efnilegustu karate iðkendurnir 2017 voru Oddný Þórarinsdóttir og Þórður Henryrsson. Matthías Eyfjörð, Máni Hákonarson og Þórður Henryrsson fengu viðurkenningu fyrir æfingar með landsliðshóp í kumite. Máni og Þórður fengu viðurkenningu fyrir Íslands- og bikarmeistaratitla. Í apríl voru æfingabúðir og beltagráðun á vegum sensei Steven Morris. Allir iðkendur hjá deildinni og karatedeildar Fjölnis tóku þátt. Deildin lenti í töluverðum hrakningum og leiðindum varðandi staðsetningu æfingabúðanna, en það leystist á síðustu stundu. Einn að iðkenum Fjölnis gat útvegað okkur aðstöðu í Kelduskóla/Vík. Stór hópur tók svartbelta gráðu þennan dag, sem haldið var uppá



með því að fara saman út að borða um kvöldið. Í maí fór Snæbjörn Willemsson til Skotlands til að taka 3. dan, er hann nú kominn með sömu gráðu og Willem pabbi hans, yfirþjálfari deildarinnar. Góð þátttaka var hjá okkar iðkendum í öllum mótum á árinu og mörg verðlaun í hús. Í maí fór hópur út til Gautaborgar á mót sem var mikil reynsla fyrir þá. Vorsýningin var einnig haldin í maí, í lok hennar voru veittar viðurkenningar fyrir ástundun. Sumaræfingar voru í boði í Egilshöll í júní/júlí 2 x viku. Mis góð mæting var á milli daga en gott er að hafa möguleika á þessu. Anna Olsen lauk þjálfarastigi 1 hjá ÍSÍ í sumar, það er stefna félagsins að allir þjálfarar ljúki þjálfaramenntun. Í byrjun hausts var Anna mikið á staðnum þegar byrjendur voru að koma á æfingar og ræddi við foreldra. Foreldrafundur var haldinn í byrjun annar þar sem Willem yfirþjálfari sagði frá íþróttinni og fyrkomulagi æfinga. Karatefélag Akraness stóð fyrir æfingabúðum og sprelli í september, þangað fóru nokkrir krakkar og skemmtu sér vel. Enn var lagt í ferð, í október fór hópur til Skotlands

ásamt iðkendum frá Fjölni í æfingabúðir og á mót. Ferðin öll hin skemmtilegasta og árangur stórglæsilegur. Íslendingarnir tóku flest öll verðlaun til sín. Í nóvember var foreldrum boðið að mæta á æfingar með iðkendum og var vel mætt á þær æfingar enda foreldrar áhugasamir um íþróttina. Haldið var æfingamót í Kumite hjá Fylki fyrir yngri iðkendur, þar sem krakkar fengu þjálfun í að taka þátt í móti og kynnst því hvernig það gengur fyrir sig. Æfingamót í Kata var haldið fyrir krakka 10 ára og yngri hjá Aftureldingu og Fjölni, þar var sama hugsun, kenna þeim að taka þátt í mótum og koma fram fyrir áhorfendur. Við enduðum svo nóvember í bogfimi með eldri krakkana og brjóttskursgerð með þeim yngri. Alltaf gaman að gera eitthvað saman. Önnina enduðum við svo á beltaprófi og var farið í jólafrí um miðjan desember.

Aðstöðumál

Aðstaða deildarinnar er góð, enn vantar þó vatnspósta og salernisaðstöðu á hæðina. Einhver bið verður þó á því. Einnig hefur verið kvartað undan þrífum og hita/kulda í salnum. Breyting hefur orðið til batnaðar hvað þríf varðar en loftræstingin er enn ekki að virka. Deildin hefur verið að bæta við búnað sinn reglulega og keypt ýmis smá áhöld til að auka við fjölbreytni á æfingum. Mikili þörf er á meira skáaplássi og verður farið í að óska eftir því með milligöngu skrifstofunnar.

Beltapróf og Kobe Oskaka International

Yfir æfingaárið eru haldin þrjú beltapróf. Æfingaárið skiptist í tvær annir og eru beltaprófin í desember, mars og apríl/maí. Iðkendur greiða ekki sérstaklega fyrir beltaprófin en þeir fá viðurkenningarskjal, strípur á belti eða fara upp um heilt belti á prófum. Stjórn deildarinnar hefur selt iðkendum belti. Iðkendur fá djús, ávöxt, popp, eða eitthvert slíkt góðgæti að loknu beltaprófi.

Karatedeildin varð „full member“ hjá Kobe Osaka International (KOI) þegar árgjaldið var endurnýjað 2015. Karatedeildin hefur verið aðili að KOI sl. 11 ár og frá upphafi hefur það verið markmið deildarinnar að verða fullgildur aðili. Í því felst að sensei Steven Morris gráðar iðkendur a.m.k. einu sinni á ári en það gefur deildinni og iðkendum hennar ákveðna gæða einkunn. Allir, sem þreyta próf hjá Morris, fá alþjóðlegt skírteini og viðurkenningarskjal frá KOI.



Steven Morris ásamt Paul Lapsley komu í apríl 2017 og voru þeir með æfingabúðir og beltapróf fyrir iðkendur hjá Fjölni og Aftureldingu, þau voru vel sótt. Steven var ánægður með getu og færni iðkenda deildarinnar og taldi iðkendur hafa bætt sig frá því hann var hér síðast.

Steven Morris gráðaði nýja svartbeltinga Arnar Þór Björginvsson, 1. dan, Anna Olsen, Alma Ragnarsdóttir, Valdís Ósk Árnadóttir, Elín Björg Arnarsdóttir, Máni Hákonarson, Þórður Jökull Henrysson voru öll að taka Shodan Ho.

Mosfellsbær mars 2018

f.h. karatedeildar Aftureldingar,

Anna Olsen






Karate - BUR

Rekstrarreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir	1	787.637	766.401
Tekjur af mótum	2	340.854	181.395
Aðrar tekjur	5	2.622.747	3.077.780
Rekstrartekjur alls		<u>3.751.238</u>	<u>4.025.576</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	2.910.810	1.589.258
Áhöld og tæki	9	309.011	216.306
Þátttaka í mótum	10	1.016.680	1.037.589
Kostnaður v/mótahalds	11	51.780	18.456
Rekstur skrifstofu	13	135.489	52.862
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	357.585	194.900
Önnur gjöld	16	607.359	139.171
Rekstrargjöld alls		<u>5.388.714</u>	<u>3.248.542</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>(1.637.476)</u>	<u>777.034</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		42.557	56.246
Vaxtagjöld		(1.885)	(706)
Fjármagnstekjuskattur		(8.505)	(11.234)
		<u>32.167</u>	<u>44.306</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>(1.605.309)</u>	<u>821.340</u>





Karate - BUR

Efnahagsreikningur - UMF Afturelding 460974-0119

	Skýr.	2017	2016
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	21	178.621	433.632
Handbært fé	22	377.368	1.676.471
Veltufjármunir alls		<u>555.989</u>	<u>2.110.103</u>
Eignir samtals		<u>555.989</u>	<u>2.110.103</u>

Karate - BUR

pr. 31. desember

	Skýr.	2017	2016
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		2.038.938	1.217.598
Tekjuafgangur ársins		(1.605.309)	821.340
Eigið fé alls		<u>433.629</u>	<u>2.038.938</u>
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Viðskiptastaða við Aðalstjórn		54.460	56.345
Viðskiptaskuldir		67.900	14.820
Skammtímaskuldir alls		<u>122.360</u>	<u>71.165</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>555.989</u>	<u>2.110.103</u>

Starfsskýrsla knattspyrnudeildar Aftureldingar 2017

Stjórn knattspyrnudeildar

Ný stjórn knattspyrnudeildar var kjörin á aðalfundi deildarinnar 31. október 2016.

Sverrir Hermann Pálmarsson formaður, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir formaður Barna- og unglingaráðs, Ásbjörn Jónsson formaður meistaraflokks karla, Sigurbjartur Sigurjónsson formaður meistaraflokks kvenna, Halldór Halldórsson gjaldkeri barna- og unglingaráðs, Halldór Sigurjónsson meðstjórnandi, Árni Magnússon meðstjórnandi og Guðjón Svansson meðstjórnandi

Eitt af mikilvægari verkefnum stjórnarinnar var að endurmannna meistaraflokksráð kvenna og um leið að tryggja að Afturelding myndi halda úti liði í meistaraflokki kvenna á árinu, en það stóð ansi tæpt á tímabili. Samstarf við Knattspyrnufélagið Fram var lykilatriði í því ferli og var sameinað lið skráð til leiks undir nafninu Afturelding/Fram. Liðið náði frábærum árangri um sumarið og sigraði 2. deild Íslandsmótsins með talsverðum yfirburðum.



Sömuleiðis var myndað nýtt meistaraflokksráð karla. Eins og kvennamegin þurfti að sýna mikið aðhald í fjármálum hjá meistaraflokki karla, en bæði ráðin erfðu talsverðar skuldir. Meistaraflokki karla tókst ekki að ná markmiði sínu, að komast upp um deild á Íslandsmótinu, en það tókst að koma rekstrinum í gott horf og það er grunnurinn að því að hægt sé að ná lengra með liðið.

Barna- og unglingaráð var mun í fastari skorðum þegar stjórnin tók við, bæði hvað varðar það fólk sem myndar ráðið og reksturinn. Mikið og gott starf fer fram á vegum BUR ár hvert og verkefnið eru mýmörg eins og lesa má í yfirliti ráðsins.

Fyrir utan að vera ráðunum þremur til aðstoðar og aðhalds, hefur stjórn knattspyrnudeildar það hlutverk að vinna með aðalstjórn félagsins í öllum þeim málum sem varða deildina og iðkendur hennar. Aðstöðumál, framtíðarskipulag og styrkir eru þar efst á baugi.

Stjórn knattspyrnudeildar fagnar því að Mosfellsbær hafi tekið ákvörðun um að byggja knattspyrnuhús og bindur miklar vonir við að það sé fyrsta skrefið í því að stórbæta æfinga- og félagsaðstöðu langfjölmennustu deildar félagsins. Framtíðarsýn stjórnar knattspyrnudeildar má nálgast á www.afturelding.is.

Knattspyrnudeild Aftureldingar vill sinna þeim sem stefna hátt og langt í sinni íþrótt og er stolt af þeim fjölmörgu uppöldu leikmönnum sem tóku þátt í landsliðsverkefnum á árinu. Jafn mikilvægt er uppeldislega- og samfélagslega hlutverk deildarinnar, að vera vettvangur fyrir börn og unglinga sem vilja stunda þessa gefandi íþrótt í öruggu og uppbyggjandi umhverfi.

Stjórnin þakkar öllum þeim fjölmörgu starfsmönnum, þjálfurum, iðkendum og sjálfboðaliðum fyrir þeirra ómetanlega framlag á árinu.

Fyrir hönd stjórnar knattspyrnudeildar,

Guðjón Svansson

Barna- og unglingaráð

Fjárhagur BUR hefur náð að haldast réttu megin við núllið með því að halda vel utan um útgjöldin. Það skiptir miklu máli að halda áætlun og hefur deildin verið það heppin undanfarin ár að það er menn í stjórn sem eru mjög góðir rekstrarmenn. Það sem lagt var upp með árið 2013 hefur náð árangri, nánar um fjármál í efnahags- og reksrareikningi BUR.

Síðustu ár hefur verið góður vöxtur í barna- og unglingaflokkum hjá knattspyrnudeildinni. Vonir okkar fyrir 2017 voru að iðkendur færdust fyrir 450 og það varð eftir í lok tímabils voru iðkendur 464 talsins og hafa iðkendur aldrei verið fleiri. Hjá deildinni eru 35 þjálfarastöður og erum við gríðalega stolt af flottu þjálfurunum okkar sem eiga stórt hrós skilið fyrir frábært starf. Í október 2017 var skipt út gervigrasinu og var það mikil áfangi fyrir knattspyrnudeildina. Næsta skref í aðstöðu er að ráðist verður í byggingu á rúmlega hálfu húsi, æfingarhúsnæði, á vormánuðum 2018. Aukning hefur verið í kvennaflokkum á síðustu árum og bundar eru vonir um að það aukist enn frekar með tilkomu æfingarhúsins og það sama er að segja um karlaflokkana.

Yngri flokkar félagsins stóðu sig vel innan vallar sem utan á síðasta ári. Flokkarnir tóku þátt í Faxaflóamóti, Íslandsmóti og fjölmörgum hraðmótum síðast en ekki síst sumarmót sem flestir iðkendur bíða spenntir eftir á hverju ári. Allir flokkar voru vel mannaðir af foreldrum enda væri erfitt að sækja þessi mót án góðrar samvinnu. Vilja þjálfarar og stjórn BUR þakka öllum foreldrum fyrir ánægjulegt samnstarf.



Eldri flokkar stóðu sig allir með ágætum og var tekið þátt í Íslandsmóti í öllum flokkum. Samstarf í kvennaflokkum hefur verið við Fram í 4.- 3. flokki kvk þar sem félögin spiluðu undir merkjum beggja félaga. Karlamegin urðu 3.flokkur karla c lið, Íslandsmeistara.

Starf BUR á árinu hefur verið blómlegt og skemmtilegt, fjölgun iðkenda í karla og kvenna flokkum hefur verið jöfn og lítum við björtum augum á komandi ár. Afturelding hefur átt leikmenn sem hafa verið boðaðir í landsliðsverkefni og tekið þátt í landsleikjum á árinu og óskum við þeim iðkendum innilega til hamingju með árangurinn.

2017 bættist einn í viðbót í hóp þeirra iðkanda sem skrifað hafa undir atvinnusamning. Jökull Andrésson skrifaði undir samningi hjá Reading í ágúst en þar fyrir er eldri bróðir hans Axel Óskar.

Sá þriðji er Ísak Snær Þorvaldsson hjá Norwich. Það eru okkar vonir að fleiri bætist við þennan hóp á næstu árum.

Weetosmótið

Weetosmót Aftureldingar var haldið í annað sinn á félagssvæðinu á Tungubökkum í lok ágúst sem hluti af bæjarhátíð Mosfellsbæjar. Mótið er fyrir stráka og stelpur í 6. og 7.flokki og þetta árið mættu um 1.300 krakkar, í 182 liðum. Spilaðir voru 368 leikir í 36 riðlum, 1346 mörk voru skoruð í þessum 6.700 mínútum sem voru spilaðar þessas helgi.

Knattspyrnskóli Aftureldingar og Liverpool

Liverpoolskólinn var haldinn líkt og síðustu sumur á vegum Knattspyrnudeildar. Líkt og áður var skólinn haldinn í samstarfi við Þór á Akureyri og haldin voru tvö námskeið í júníbyrjun, það fyrra var haldið á Þórssvæðinu á Akureyrir og það síðara á Tungubökkum. Í ár var uppselt og færri komust að en vildu.



Sumarnámskeið

